



Kínverska hreyfilistin Qigong nýtur sívaxandi vinsælda á Íslandi. Tveir heimar og Aflið, í samstarfi við Reykjavíkurborg, standa fyrir opinni þjálfun og kennslu á Klambratúni fjórða árið í röð. Það var föngulegur hópur sem mætti í gær en æfingar fara fram á þriðjudögum og fimmtudögum í sumar en skipuleggjendur taka það fram að Qigong henti öllum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þeir ungu hafa verið áberandi

FÓTBOLTI Ungir leikmenn hafa verið áberandi í byrjun Íslands-móts karla í knattspyrnu í sumar. Kórónaveiran og peningaskortur íslenskra félaga hafa leitt til fleiri tækifæra fyrir þá.

Fimm ungir leikmenn skoruðu sitt fyrsta mark í efstu deild í síðustu umferð en þar af voru báðir markaskorarar toppliðs Fylkis, þeir Þórður Gunnar Hafþórsson og Arnór Borg Guðjohnsen.

Þá skoraði Stefán Arni Geirsson fyrir KR, Orri Þórhallsson fyrir Fjölni og Brynjar Snær Pálsson fyrir Skagamenn.

Enn einn ungi Fylkismaðurinn, Valdimar Þór Ingimundarson, er svo meðal markahæstu manna deildarinnar. Hann hefur skorað fimm mörk og er aðeins einu marki á eftir markahæstu leikmönnum. – hó/ sjá síðu 12

Staða gagnavera versnar

Formaður Samtaka gagnavera segir greinina ekki þola frekari hækkanir á raforkukostnaði. SI vinna álit á framsetningu Landsvirkjunar á orkuverði.

VIÐSKIPTI Lágt raforkuverð á samkeppnismörkuðum íslenskra gagnavera, þýðir að atvinnugreinin horfir fram á versnandi samkeppnishæfni.

„Stór hluti af þeim áskorunum sem við stöndum frammi fyrir núna, er að Ísland er ekki lengur samkeppnishæft þegar kemur að raforkuverði. Sú staða er grafalvarleg, sérstaklega í ljósi hægari umsvifa í öðrum útflutningsgreinum,“ segir Jóhann Þór Jónsson, formaður Samtaka gagnavera.

Jóhann setur spurningarmerki við áform Landsnets um fjárfestingu upp á tugi milljarða í flutningskerfi sínu. „Fyrir liggur í áætlunum að þetta getur valdið töluverðum hækkunum á dreifikostnaði stórnotenda. Að



Við erum nú þegar í ósamkeppnishæfu umhverfi og hækkanir á flutningskostnaði veita gagnaverum þungt högg.

Jóhann Þór Jónsson, formaður Samtaka gagnavera

okkar mati þurfa ákvarðanir um fjárfestingar í flutningskerfi að byggja á samkeppnishæfni orkumarkaðarins og orkufrekra fyrirtækja. Þær mega ekki byggja einungis á sjónarmiðum um raforkuöryggi og hag orkuframleiðenda.“

Þórdís Kolbrún Gylfadóttir, ráð-

herra iðnaðar, fékk fyrr á árinu erlendu ráðgjafarstofuna Fraunhofer / Ecofy til að gera úttekt á samkeppnishæfni stórnotenda á Íslandi, með sérstaka áherslu á raforkukostnað.

Jóhann segir að úttektin þurfi að taka ýmis sérkenni íslenska orkumarkaðarins til greina. Þar á meðal flutningskostnað og ósveigjanleg atriði raforkusamninga.

Samtök iðnaðarins hafa ákveðið að fá álit sérfræðinga á ýmsum þáttum raforkumarkaðarins, aðallega stöðu Landsvirkjunar, hvort kostnaðarverð og markaðsverð sé vel skilgreint í lögum, og hvort Landsvirkjun beri skylda til að fá hámarksverð fyrir raforku. – tfh/ sjá Markaðinn

Verðið lækkað um 1,3 milljarða

VIÐSKIPTI Kaupverðið á Borgun, sem var í meirihlutaeigu Íslandsbanka, var lækkað um átta milljónir evra, jafnvirði nærri 1.300 milljóna króna, vegna þeirra neikvæðu efnahagsáhrifa sem kórónaveirufaraldurinn hefur haft á rekstur félagsins.

Samkvæmt heimildum Markaðarins greiðir alþjóðlega greiðslumiðlunarfyrirtækið Salt Pay, sem gekk frá kaupum á tæplega 96 prósentu eignarhlut í Borgun í síðustu viku, samtals 27 milljónir evra, jafnvirði 4,3 milljarða króna, fyrir hlutafé íslenska félagsins. Við undirritun kaupsamnings 11. mars síðastliðinn átti kaupverðið hins vegar að nema 35 milljónum evra.

Rekstrartap Borgunar á fyrstu fimm mánuðum ársins nam 642 milljónum króna.


– hae/ sjá Markaðinn

Besta uppskeran núna!

Mmm ... Svalandi snarl!

KRÓNAN

Veður



Austlæg átt, víða 5-10 m/s seinni-partinn í dag, en gengur í 10-15 undir Eyjafjöllum en allt að 13-18 sunnan- og vestan til á miðhálandinu í kvöld. Fer að rigna um landið vestanvert, en þurrt að mestu eystra. Hiti 8 til 16 stig að deginum, svalast á Austfjörðum.

SJÁ SIÐU 14



Fundurinn í gær stóð í þrjár stundir.

Samningar hafa enn ekki náðst

VINNUMARKAÐUR Engin niðurstaða varð af samningafundi Icelandair og Flugfreyjufélags Íslands (FFÍ) hjá ríkissáttasemjara í gær. Fundurinn stóð yfir í tæpar þrjár klukkustundir, en ekki hefur verið boðað til nýs fundar. Ríkissáttasemjari mun vera í samskiptum við báða aðila varðandi framhaldið.

» Ríkissáttasemjari segir stöðuna þrönga og viðræðurnar erfiðar.

Félagsmenn FFÍ kolfelldu nýjan kjarasamning í atkvæðagreiðslu sem lauk síðastliðinn miðvikudag en ríkissáttasemjari boðaði til fundar síðastliðinn föstudag sem lauk einnig án niðurstöðu.

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair, hefur gefið það út að félagið ætli ekki að ganga lengra í viðræðum við FFÍ en það hafi nú þegar gert.

Í samtali við Fréttablaðið á föstudaginn sagði Aðalsteinn Leifsson ríkissáttasemjari að staðan væri þröng og að þetta væru mjög erfiðar viðræður og hafi verið það frá byrjun.

Kjarasamningur flugfreyja hjá Icelandair rann út 1. janúar 2019 og var deilunni vísað til ríkissáttasemjara í apríl sama ár. Haldnir hafa verið rúmlega fimmtíu samningafundir við borð ríkissáttasemjara. —uð

Hjarta Hafnarfjarðar



Tónlistar- og bæjarhátíðin Hjarta Hafnarfjarðar hófst í Bæjarbíói í gær og af því tilefni vígði Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri blómum prýtt hjarta á Strandgötunni. Hjartað, sem er afar veglegt, er búið til úr fallegum blómum og jurtum frá Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Engin Þjóðhátíð

COVID-19 Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum hefur verið aflýst, þetta kom fram í yfirlýsingu ÍBV og Þjóðhátíðarnefndar í gær. „Eftir fréttir síðustu daga hefur verið ákveðið að blása hátíðina af með einu og öllu,“ segir í tilkynningunni.

Fram kemur að Þjóðhátíðarnefnd hafi unnið að ýmsum sviðsmyndum Þjóðhátíðar þar sem fjöldatakmörkanir yrðu virtar. „Síðasta sviðsmynd sem við vorum með var setning hátíðar, ball fyrir 2.000 manns í Herjólfsdal og ein kvöldvaka, þar sem dalnum yrði skipt í þrjú 2.000 manna svæði.“ Það sé hins vegar ekki mögulegt þar sem 500 manna samkomubann verður í gildi út ágúst.

Unnið er að því að endurgreiða miða, en miðaeigendur geta ýmist fengið endurgreitt, fengið miða á Þjóðhátíð 2021 eða styrkt ÍBV um andvirði miðans. Undirbúningur fyrir Þjóðhátíð árið 2021 er nú þegar hafinn. — kdi

Andi Hauks Morthens svífur yfir sumarsmelli

Hljómsveitin Loftskeytamenn notaði hljóðkerfi sem Haukur Morthens átti til að taka upp þrjú lög nýverið. Við upptökurnar var þess gætt að fylgja upptökuvenjum 6. áratugarins. Hljóðkerfið var í eigu föður hljómsveitarmeðlims.

TÓNLIST Hljómsveitin Loftskeytamenn leitaði til fortíðar þegar hún tók upp þrjú lög í hljóðveri Sundlaugarinnar nýverið. Við upptökur var þess gætt að fylgja í hvívetna upptökuvenjum frá sjötta áratugnum, sem þýðir að allt er tekið upp samtímis á tvo míkrofóna. Til að tryggja að hljómurinn sé örugglega í takt við þann tíma, notar sveitin hljóðkerfi sem var í eigu höfðingjans Hauks Morthens.

„Söngkerfið barst okkur frá Jóni Ásgrímssyni, föður Óla Rúnars gítarleikara okkar, sem keypti kerfið ungur maður í RÍN árið 1972. Haukur hafði sett það upp í nýrri græjur,“ segir Guðmundur Ingi Þorvaldsson, söngvari Loftskeytamanna.

Hann segir að kerfið hafi verið í notkun hjá Jóni og hljómsveitinni Völundi fyrstu árin, þar til meira nýmóðins græjur leystu kerfið af hólmi. En kerfið fór aldrei úr hans eigu og það beið síðan Loftskeytamanna, þegar þeir hófu sitt samstarf.

Í vikunni er stefnt að því að senda sumarsmellinn Sumarfrístvist í loftið, á allar helstu tónlistarveitur þessa heims. Guðmundur samdi lag og texta og segir það hvatningu til allra sem vettlingi geti valdið, að njóta náttúrunnar og sumarblíðunnar í friði, gleði og spekt. „Lagið er hressilegt og dansvænt og hentar vel við flest gleðirík tækifæri, og er jafnvel tilvalið til að breyta erfiðu andrúmslofti í gleðilegt,“ segir Guðmundur sposkur á svip.

Þeir Loftskeytamenn eru nýkomnir úr hljóðverinu Sundlauginni, þar sem þeir tóku upp þrjú ný lög undir styrki stjórn Árna Hjörvars Arnasonar upptökustjóra.



Meðlimir Loftskeytamanna eru allir miklir aðdáendur tónlistar sem samín var hér á landi á fimmta og sjötta áratug síðustu aldar. MYND/ADSEND



Haukur Morthens fæddist þann 17. maí árið 1924 og var einn vinsælasti söngvari íslensku þjóðarinnar.

●● Lagið er hressilegt og dansvænt og hentar vel við flest gleðirík tækifæri, og er jafnvel tilvalið til að breyta erfiðu andrúmslofti í gleðilegt

Guðmundur Ingi Þorvaldsson, söngvari Loftskeytamanna

Hljómsveitin hefur, með minniháttar hléum, í hartnær áratug spilað fyrir dansi lög með íslenskum textum sem náð hafa að lágmarki 60 ára aldri. Meðlimir sveitarinnar eru allir einlægir aðdáendur þeirrar tónlistar sem samín var hérlandis á fimmta og sjötta áratug síðustu aldar, þar sem Haukur var stærsta stjarnan. benediktboas@frettabladid.is

Gæsanir og steggjanir!

Finndu okkur á

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Wizar

...fyrir lífsins ljúfu stundir



**Hægindastóllinn sem slegið
hefur í gegn og Íslendingar elska!**

360° snúningur | innbyggður fótaskemill
hallanlegt bak | stillanlegur höfuðpúði

Fáanlegir **Wizar** litir

Verð frá
209.900 kr.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

SAMSUNG

2020 ÁRGERÐIN AF QLED ER MÆTT Í ORMSSON!



The Frame 2020

Stærðir: 43" 50" 55" 65" og nú líka í 75"

- ° QLED Tækni og gæði, breytir sjónvarpinu í listaverk!
- ° Settu þinn stíl á tækið með flottu úrvali lita af römmum.
- "No-Gap" veggfesting fylgir ásamt One Connect tengiboxi sem felur allar snúrur.
- ° Smart TV Forrit: Netflix, Youtube, Viaplay og margt fleira...



QLED Q800

Stærðir: 65" og 75"

- ° 8K Artificial Upscaling with Quantum Processor 8K / Gervigreind tækisins sér um fullkomna uppskölun á öllu efni
- ° Immersive sound with OTS+ / Ennþá skemmtilegri upplifun á hljóði með OTS+
- ° Anti-Reflection Screen / Segðu bless við speglun á skjá



30.000 til 60.000 kr afsláttur

QLED Q70 **Á TILBOÐI**

STÆRÐ 55" : KR. 179.900,- STÆRÐ 65" : KR. 239.900,-
STÆRÐ 75" : KR. 349.900,- STÆRÐ 82" : KR. 469.900,-



50.000 kr afsláttur

QLED Q85 **Á TILBOÐI**

STÆRÐ 65" : KR. 329.900,- STÆRÐ 75" : KR. 476.910,-



Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
LOKAÐ UM HELGAR

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS



*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON
ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI SÍMI
461 5000

PENNINN
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
PAN-NESKAUPSSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

TÆKNIBORG
BORGARNESI
SÍMI 422 2211

OMNIS
AKRANESI SÍMI
433 0300

Sótt um stuðningslán fyrir um 2,2 milljarða

EFNAHAGSMÁL Alls hafa borist 227 umsóknir um stuðningslán til fyrirtækja og nemur fjárhæðin um 2,2 milljörðum króna. Lánin eru hluti af efnahagsaðgerðum stjórnvalda vegna COVID-19 og eru hugsuð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

Opnað var fyrir umsóknir um lán í síðustu viku en 171 fyrirtæki hefur sótt um grunnlán, sem er allt að 10 milljónir króna, með 100 prósentu ríkisábyrgð. Þá hafa 56 fyrirtæki sótt um auka-stuðningslán sem geta



227 umsóknir hafa borist um lánin.

verið að 40 milljónum króna með 85 prósentu ríkisábyrgð. Stjórnvöld sömdu við viðskiptabanka um framkvæmd lánanna. – sar



„Menn þurftu að klífa upp í einangrarana,“ segir Davíð Örn um aðstæður í Hrútatungu í vetur. MYND/DAVÍÐ ÖRN JÓNSSON

Ný lausn á að hindra útslátt við Hrútatungu

Rafmagnsverkfræðingurinn Davíð Örn Jónsson lagðist yfir það að leysa seltuvanda, sem olli því að tengivirki í Hrútatungu sló ítrekað út í óveðrum í desember með viðtæku rafmagnsleysi. Lausnin er að sílikonhúða einangrara.

TÆKNI „Þetta er tilraunaverkefni sem á að koma í veg fyrir seltu eins og var endurtekið að valda rafmagnsleysi hjá okkur síðasta vetur,“ segir Davíð Örn Jónsson, rafmagnsverkfræðingur hjá Rafli. Starfsmenn fyrirtækisins húðuðu í byrjun júlí einangrara í tengivirki Landsnets í Hrútatungu nærri Hvammstanga.

Tengivirkið í Hrútatungu var í sviðsljósinu í desember í fyrra þegar illa viðraði á landinu. Selta á tengivirkinu varð til þess að þar sló út með útbreiddu rafmagnsleysi. Davíð Örn, sem hóf störf hjá Rafli fyrir tveimur árum, eftir að hafa starfað sem háskólakennari í Texas, segir Landsnet hafa leitað til Rafals sem sent hafi tugi manna í Hrútatungu til að handhreinsa tengivirkið.

„Menn þurftu klífa upp í einangrarana og þetta var hættuleg og seinleg vinna sem unnin var um miðja nótt,“ lýsir Davíð Örn, sem kveður mannskap frá Rafli hafa farið nokkrar slíkar ferðir í vetur um miðja nótt. „Þá fór ég að hugsa að það hlyti að vera til einhver lausn.“

Tengivirkið í Hrútatungu tengir saman Vestfirði, Vesturland og Norðurland og er því afar mikilvægt að það slái ekki út. Davíð Örn kveðst hafa byrjað að skoða málið í janúar.

„Lausnin var efni sem var framleitt fyrir okkur og hægt er að mála á tengivirki. Það hindrar sjó í að



Davíð Örn Jónsson styður sig við húðaða einangrarann. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Lausnin var efni sem var framleitt fyrir okkur og hægt er að mála á tengivirki.

Davíð Örn Jónsson, rafmagnsverkfræðingur hjá Rafal

setjast á einangrarana og kemur í veg fyrir þessi seltuvandamál,“ segir Davíð Örn. Um er að ræða sílikon-efni sem er vatnsfráhrindandi og myndar nýtt yfirborð á einangrarana. Efnið sé nú notað í fyrsta sinn á Íslandi, en hafi verið notað í Skandinavía og reyndar út um allan heim.

Gerð var samanburðartilraun hjá Rafli þar sem leidd voru 40 þúsund volt í gegn um tvo einangrara, annan húðaðan með fyrrgreindu efni, en hinn ekki.

„Við sprautuðum saltvatni yfir og eingrarárin sem var óvarinn hreinlega logaði. Þegar við gerðum það sama við einangrarann sem var búið að húða þá gerðist ekki neitt,“ útskýrir Davíð Örn, sem kveðst mjög ánægður með niðurstöðuna og vonast eftir að betrumæturnar í Hrútatungu skili góðum árangri. „Þetta reyndist koma miklu betur út en við þörðum að vona.“ gar@frettabladid.is

Kærunefnd lætur sér ekki segjast

STJÓRNSÝSLA Umboðsmaður Alþingis birti í gær bréf sem hann hefur ritað forsætisráðherra í til efni af yfirstandandi endurskoðun laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Í bréfinu vekur umboðsmaður athygli á áliti umboðsmanns frá árinu 2013 og tilmælum sem hann beindi til kærunefndar jafnréttismála og forsætisráðherra í kjölfarið. Í umræddu áliti kemur fram að kærunefndinni hafi ekki verið heimilt að byggja álit sitt um umsækjendur um umrætt starf á öðrum sjónarmiðum en um einstaka hæfnisþætti, eða vægi þeirra innbyrðis, en byggt



Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis

hafði verið á í lögmætri ákvörðun veitingarvaldshafa. Var því beint til úrskurðarnefndarinnar að endurskoða niðurstöðu sína, óskaði kvartandinn eftir því.

Umboðsmaður segir í bréfi sínu til forsætisráðherra að hann hafi veitt því athygli að þrátt fyrir tilmæli sín verði ekki annað séð „en

nefndin viðhafi að mestu áfram þær sömu aðferðir og mat og gagnrýni setts umboðsmanns beindist að,“ í síðari úrskurðum sínum.

Þá hafi ekki komið fram lagabreytingar um það atriði sem ábendingar hans hafi lotið að og ekki hafi heldur verið brugðist við ábendingum hans um réttaróvissu, að því er varðar bindandi áhrif úrskurða kærunefndarinnar.

Í ljósi þess að unnið sé að endurskoðun laganna beinir umboðsmaður því til forsætisráðherra að hugað verði að þessum ítrekuðu tilmælum til stjórnvalda, við þá endurskoðun. – áá

DORMA
Láttu drauminn ræstast

Frábær útsala í fjórum búðum
verslaðu á dorma.is eða í DORMA verslun og við sendum þér vörurnar frítt



Sumar útsala
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

Frábær útsala í fjórum búðum
verslaðu á dorma.is eða í DORMA verslun og við sendum þér vörurnar frítt

www.dorma.is
VEFVERSLUN
SENDUM FRÍTT

Sumar útsala
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR
RENNDU ÞÉR INN Í SUMARID!

Þú kaupir Oakley eða Everyday hellsuöryrnu eða heilsurúm sem afhent er í boxi á hjólu og færð innifalið glæsilegt Aspen fjallahjól*

* Á meðan tilgætt er endast

STYTTU ÞÉR LEIÐ GEGNUM ÚTSÖLUBÆKLINGUNNI OKKAR
Dýma og Mál 2-3 | Málavara og dýma 4-11 | RÚM 12-21 | Stórar 24-34 | Skólar 36-49 | Búðir og smáttara 50-59

Holtagördum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn ræstast

Libby's®

Þetta verður grillað sumar





Nikol Pashinyan forsætisráðherra.

Fjórir aserskir hermenn létu lífið í átökum

ASERBAÍSJAN Fjórir aserskir hermenn voru drepnir í átökum við armenska hermenn í norðurhluta Armeníu, samkvæmt varnarmálaráðuneyti Aserbaísjan.

Hvorugt landið gengst við að hafa átt upptök atakanna, sem hófust aðfaranótt mánudags. Nikol Pashinyan, forsætisráðherra Armeníu, sagði á ríkisstjórnarfundum að þessum „ögrunum yrði svarað“.

Í kjölfarið sendi utanríkisráðuneyti Tyrklands frá sér yfirlýsingu þar sem það lýsti yfir stuðningi við Asera. Þá hvatti talsmaður Evrópusambandsins til að forðast frekari átök og grípa strax til aðgerða til að koma í veg fyrir frekari stigmögnun.

„Tyrkland mun halda áfram, með allri sinni getu, að standa við Aserbaísjan í baráttu þess til að vernda landhelgi sína,“ sagði ráðuneytið og hunsaði að Aserbaísjan byrjaði síðustu umferð atakanna við Armeníu. – atv



Mikið af plasti úr dekkjum fer í haf.

Mikið plast úr dekkjum í hafi

UMHVERFISMÁL Meira en 200 þúsund tonn af plastögnum úr dekkjum og bremsuklossum fjúka á ári hverju frá vegum og út á haf. Þetta sýna niðurstöður nýrrar rannsóknar sem birtist í vísindaritinu Nature Communications.

Andreas Stohl sem starfar hjá NILU, óháðri norskri rannsóknarstofnun á sviði loftslagsmála, fór fyrir rannsókninni. Breski miðillinn The Guardian hefur eftir honum að hvert dekk missi um fjögur kíló af plasti á líftíma sínum.

Það sé miklu meira magn en falli til affötum sem sé helsta uppspretta örplastmengunar í ám. Hingað til hafi mestri athygli verið beint að þeirri uppsprettu í örplastmengun sjávar.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að minnstu plastagnirnar frá dekkjum og bremsuklossum geti verið í loftinu í um mánuð. Stohl segist búast við því að ástandið versni áður en það batni. Fjölgun rafmagnsbíla sem séu þyngri en bensínbílur þýði meira slit á dekkjum og bremsum. – sar

Brunað í bleytunni



Kona virðist hvergi bangin þar sem hún siglir vespu sinni um götur Kunming-borgar í Kína. Afar mikil úrkoma hefur verið í borginni undanfarna daga en Kunming er jafnan kölluð „borg hins eilífa vors.“ Í borginni, sem er höfuðborg Yunnan-héraðs, búa um 6,5 milljónir manna. MYND/GETTY

Lewis Lee tekinn af lífi eftir ógildingu Hæstaréttar í gær

Hæstiréttur Bandaríkjanna ógilti í gær úrskurð undirréttar, um frestun á fullnustu dauðadóms Daniels Lewis Lee. Vegna réttaróvissu hafa rúmlega sextíu fangar beðið aftöku á grundvelli alríkislaga. Aftakan í gær var sú fyrsta á grundvelli þeirra í tæp tuttugu ár. Aftakan fór fram í Indiana-fylki í Bandaríkjunum.

BANDARÍKIN Daniel Lewis Lee var tekinn af lífi í Indiana-ríki í gærmorgun, eftir að Hæstiréttur Bandaríkjanna ógilti úrskurð undirréttar, um frestun fullnustu dauðadóms hans. Lee var einn rúmlega sextíu fanga í Bandaríkjunum, sem beðið hafa eftir fullnustu dauðarefsingar á grundvelli alríkislaga, en vegna réttaróvissu um lögmæti þeirra hafa þær ekki verið framkvæmdar í tæpa tvo áratugi, fyrr en í gær.

Fyrir ári síðan lýsti ríkisstjórn Donalds Trump þeirri fyrirætlan að hefja aftur fullnustu dauðarefsinga og hefur sú nýja stefna leitt til fjölda dómsmála þar sem mannréttindasamtök og verjendur hinna dæmdu leitast við að koma í veg fyrir aftökur, með vísan til þess að þær standist ekki ákvæði stjórnarskrárinnar um bann við pyndingum og ómannúðlegum refsingum.

Eins og Fréttablaðið greindi frá, var kveðinn upp úrskurður í undirrétti á mánudaginn, þess efnis að fyrirhuguðum aftökum skuli frestað þar til dómsmál um lögmæti



Daniel Lewis Lee var tekinn af lífi í gær á grundvelli alríkislaga. MYND/GETTY

þeirra eru til lykta leidd.

Úrskurðurinn var kveðinn upp aðeins örfáum klukkustundum fyrir áætlaða aftöku Lee, sem taka átti af lífi í Indiana-ríki klukkan fjögur að staðartíma á mánudag.

Lee var dæmdur til dauða árið 1996 fyrir aðild að morði á þriggja manna fjölskyldu. Lee var meðlimur í samtökum hvíttra kynþáttahatara og þar sem um hatursglæp var að ræða var mál hans dæmt á grundvelli alríkis-

laga, en ekki laga þess ríkis sem morðið var framið í.

Dómsmálaráðuneytið kærði úrskurðinn til æðri dómstiga og innan við sólarhring eftir að úrskurðurinn var kveðinn upp, hafði Hæstiréttur Bandaríkjanna felld hann úr gildi. Yfirvöld biðu ekki boðanna og var Lee tekinn af lífi sex klukkustundum eftir að niðurstaða Hæstaréttar var birt.

Þrír aðrir biðu fullnustu dauðarefsinga á vegum alríkisins í þessari og næstu viku. Wesley Ira Purkey var dæmdur til dauða árið 2003, en hann var fundinn sekur um nauðgun og morð á sextán ára gamalli stúlku og morð á áttæðri konu.

Dustin Lee Honken var dæmdur til dauða árið 2004 fyrir morð á fimm manneskjum. Hann skaut tvo menn sem hugðust vitna gegn honum, einstæða móður og tvær ungar dætur hennar, öll til bana.

Keith Dwayne Nelson var dæmdur til dauða árið 2001 fyrir að hafa nauðgað og myrt tíu ára gamla stúlku. adalheidur@frettabladid.is

Bretar ætla að banna fjarskiptabúnað frá Huawei

BRETLAND Bresk stjórnvöld hafa bannað fjarskiptafyrirtækjum í Bretlandi að nota búnað frá kínverska tæknifyrirtækinu Huawei, við uppbyggingu á 5G neti Bretlands. Fjarskiptafyrirtækin þurfa að hætta að kaupa búnað frá kínverska fyrirtækinu fyrir næstu áramót.

Oliver Dowden, ráðherra stafræna mála í Bretlandi, tilkynnti



Ákvörðun var tekin á þinginu í gær.

um ákvörðunina í breska þinginu í gær. Hann sagði ákvörðunina vera tekna af öryggisástæðum, en Huawei hefur verið sakað um að starfa í umboði kínverskra stjórnvalda.

Fjarskiptafyrirtæki í Bretlandi hafa til ársins 2027 til þess að losa sig við allan búnað frá Huawei úr fjarskiptakerfum sínum.

Um er að ræða stefnubreytingu hjá bresku ríkisstjórninni, en hún

» Fjarskiptafyrirtæki í Bretlandi hafa til ársins 2027 til að losa sig við búnað frá Huawei

samþykkti fyrr á þessu ári að Huawei fengi að taka þátt í að setja upp 5G netkerfi landsins. Bandaríkjamenn hafa sett mikinn þrýsting á bresk stjórnvöld um að kaupa

ekki búnað frá Huawei af öryggisástæðum.

Ákvörðunin var tekin eftir fund ríkisstjórnarinnar með þjóðaröryggisráði Bretlands. Dowden sagði í þinginu að þetta hefði ekki verið auðveld ákvörðun, en hún sé engu að síður rétt. Hann sagði að þetta myndi hægja á uppsetningu 5G háhraðanetkerfis í Bretlandi um eitt ár. – mhj



Gerðu viðeigandi ráðstafanir

Á að hafa það notalegt og horfa á eitthvað gott í kvöld? Þú færð allt naslið og drykkina á næstu Kvikk-stöð Orkunnar.

Kvikk
ON THE GO

ORKAN

SKOÐUN

Hvalreki

Adalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Sólveig Anna Jónsdóttir er án efa mesti hvalreki sem skolað hefur á fjórur verkafólks um árabíl. Í bréfi, dagsettu í gær, stíluðu á hlutaðeigandi ráðherra, tíundar hún iskyggilegar staðreyndir úr tilveru verka- og láglaunafólks á íslenskum vinnumarkaði. Starfslið hennar á skrifstofum Eflingar hafi á síðasta ári gert hátt í 700 kröfur um að staðið sé við lögbundin og umsamin lágmarksréttindi félagsmanna sinna. Kröfurnar hafi numið samtals 345 milljónum króna. Þetta eru háar tölur og svívirðilegar, í ljósi þess að í flestum tilvikum er um að ræða fátækt fólk í viðkvæmri stöðu á vinnumarkaði.

Í bréfi sínu lýsir Sólveig Anna eftir þeim loforðum sem ríkisstjórnin veitti við gerð lífsskjarsamninganna, um að heimildir til refsinga verði auknar við brotum atvinnurekenda gegn vinnandi fólki. Ekkert bólar á efndum þess loforðs.

Þegar heimsfaraldurinn reið yfir í mars varð ljóst að veruleg röskun yrði á löggjafarstörfum. Forsætisráðherra fól ráðherrum að forgangsraða þeim málum sem ekki þyldu bið og koma þyrfti til afgreiðslu á Alþingi. Frumvarp félagsmálaráðherra um félagsleg undirboð var boðað 31. mars, en hefur enn ekki litið dagsins ljós. Í skýrslu sem unnin var fyrir ráðherra eru ýmsar til-lögur reifaðar, en tekið fram að ekki hafi náðst að ræða að neinu marki tillögur Alþýðusambands Íslands, sem miða að því að þeim starfsmönnum sem verða fyrir launþjófnaði sé bættr skaðinn með hlutlægrri bóta-reglu og að slík mál fái sérstakan forgang í réttarkerfinu.

Meðan á þessu drolli gengur í ráðuneytunum í efnd-um loforða við vinnandi fólk, hefur aukinn dugnaður færst í að tryggja og festa í sessi skjaldborg um atvinnu-rekendur. Sú skjaldborg lýtur ekki sist að því að bregða fæti fyrir forvitnið blaða- og fréttafólk með nýmælum í lögum eftir forskrift atvinnurekenda.

Unnendum upplýsingafrelsis tókst blessunarlega að koma í veg fyrir að frumvarp um eyðileggingu upp-lysingalaga, sem forsætisráðherra flutti fyrir hönd Samtaka atvinnulífsins, næði fram að ganga í bili að minnsta kosti, en hindranirnar í vegi fréttafólks sem starfar við að veita handhöfum valds og áhrifa aðhald, eru fjölmargar fyrir og láta ekki allar mikið yfir sér. Sú staðreynd til dæmis að blaðamaður þurfi að borga gjald fyrir hvern einasta ársreikning, veldur slíkum kælingaráhrifum að fáum dettur í hug að kalla eftir ársreikningum fyrirtækja fyrir forvitni sakir. Til þess er einmitt leikurinn gerður.


Það er hagsmunamál fyrir allan almenning að gegnsæi ríki um íslenskt atvinnu- og viðskiptalíf og það er alveg sérstakt hagsmunamál fyrir hina valdaminni að ryðja upplýsingaleynd úr vegi. Hér á fátækt fólk verulegra hagsmuna að gæta, rétt eins og fátæk ríki sem íslensk stórfyrirtæki níðast á, eða varnarlaus náttúran sem þau traðka á.

Barátta fyrir gegnsæi er barátta fyrir bættum lífs-kjörum, enda finnur stjórnmalafólkið oft enga þörf til að bregðast við fyrr en fjölmiðlar hafa afhjúpað hinn raunverulega vanda, hvort sem hann lýtur að mansali, slæmum aðbúnaði, launþjófnaði eða annars konar misnotkun.



Meðan á þessu drolli gengur í ráðuneyt-unum, hefur aukinn dugnaður færst í að tryggja og festa í sessi skjaldborg um atvinnu-rekendur.

Halldór



Frá degi til dags

Agúrkusalat

Fjölmiðlar hafa af einurð flutt fréttir af pólsku forsetakosning-unum sem fram fóru um síðustu helgi. Sjaldan hefur jafnmikill áhugi verið sýndur forsetakosningum í öðru landi og þessum kosningum. Sumir benda á að þetta sé afleiðing alræmdrar gúrkutiðar og það sé bara ekkert að fréttu af öðru. Aðrir hafa bent á að íslenska þjóðin hafi verið svikin um alvöru fútt í nýfastöðnum forsetakosningum hérlandis. Þær voru jafnsþennandi og að horfa á málningu þorna. Því hafi þær pólsku verið kærkomin sárabót.

Sumargrilluð hugmynd

Faraldurinn hefur komið í veg fyrir að ferðaþyrstir landsmenn komist til útlanda í sama mæli og áður. Stjórnmöld hafa hvatt til ferðalaga innanlands og flestir hafa tekið þau á orðinu og haldið sig innan landsteina. Í stað mynda af rauðleitum íslenskum líkómum á ströndinni í útlandinu, er Facebook troðfullt af myndum af kappklæddu fólki í Ásbyrgi, á Seyðisfirði, við Jökulsárlón og á Reykjanesi. Nú bætist enn í flóru áhugaverðra staða því sumargrill Miðflokksins verður haldið á tjaldsvæðinu í Grindavík á laugardaginn. Þar er allt í boði nema grillmatur og drykkur. Upplagt að renna með helgarsteikina suðureftir og skella á Miðflokksgrillin. Getur ekki klikkað.

Opið bréf til formanns LEB

Sigurjón Arnórsson
framkvæmda-stjóri Flokks fólksins

Ég hef lengi velt því fyrir mér af hverju þú, Þórunn, ásamt stjórn LEB, hefur verið svona treg til að aðstoða okkur í þessari baráttu.

Ágæti formaður Landssambands eldri borgara, Þórunn Sveinbjörnsdóttir.

Það er sárt þegar manneskja í þinni stöðu endurtekur það í fjölmiðlum að „enginn stjórnmalaflokkur á Alþingi tali um fátækt aldraðra“. Þú veist vel að það er ekki satt.

Sem formaður LEB hefur þú fengið umsagnarbeiðni um öll þingmál sem Flokkur fólksins hefur lagt fyrir Alþingi. Þar á meðal eru þingmál um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum, 100.000 kr. frítekjumarkegna vegna lífeyristekna, að hækkun bóta fylgi ávallt launapróun eins og hún kemur fram í launavísitölu, að hjálpartæki verði undanþegin virðisaukaskatti, afnám vasapeningafyrirkomulagsins, aukið lýðræði og gagnsæi í lífeyrissjóðum, stofnun hagsmunafulltrúa aldraðra og afnám skerðinga vegna launatekna aldraðra. Öllum þessi sanngirnis- og réttlætismálum hafa fulltrúar Flokks fólksins mælt fyrir á Alþingi.

Í júlí 2019 vann Flokkur fólksins mál fyrir hönd ellilífeyrisþega, þar sem Landsréttur komst að þeirri niðurstöðu að ríkið hefði brotið lög á eldri borgurum, með því að skerða greiðslur til þeirra með afturvirkri og íþyngjandi löggjöf. Niðurstaðan í þessu máli varð til þess að ríkið greiddi 32.000 eldri borgurum um sjö milljarða króna með vöxtum. Viðbrögð LEB við þessum réttlætissigri var gagnrýni. Formaður kjaranefndar LEB skrifaði grein í Morgunblaðið þar sem hann lýsti yfir óánægju sinni með það, að eldri borgarar skyldu hafa fengið réttlæti gagnvart þessu lögbroti.

Málefni eldri borgara hafa verið forgangsmál Flokks fólksins frá því við vorum kjörin á þing. Ég hef lengi velt því fyrir mér af hverju þú, Þórunn, ásamt stjórn LEB, hefur verið svona treg til að aðstoða okkur í þessari baráttu. Nú hefur þú tilkynnt opinberlega að nýr stjórnmalaflokkur eldri borgara sé í burðarlíðnum, sem fær mig til að skilja þessa framkomu ykkar betur. Það lofar ekki góðu að hefja stjórnmalaférl sinn á ósannindum um að Flokkur fólksins hafi ekki barist gegn fátækt aldraðra. Svoeðis „pólitik“ er óheðarleg. Það liggur í hlutarins eðli að við náum frekar árangri sameinuð en sundruð.

SPJALL & STYRKING

Opin fræðsla fyrir alla sem nýlega hafa greinst með krabbamein fer fram í Ljósinu, Langholtsvegi 43, næstu mánudaga milli 10:30 - 12:00:

- 6. júlí: Líðan, virkni og stuðningur
- 13. júlí: Þreyta - Orkusparandi aðferðir
- 20. júlí: Sjálfstyrkur, sjálfsmynd
- 27. júlí: Slökun
- 10. ágúst: Streita og bjargráð
- 17. ágúst: Fjölskyldan og samskipti
- 24. ágúst: Markmiðasetning

Frekari upplýsingar á www.ljosid.is



Er gott að mjólka samborgarana?



Guðjón Sigurbjartsson viðskiptafræðingur og áhugaður um hagneytenda

Jóhanna Hreinsdóttir, kúabóndi og formaður Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, skrifar grein í Fréttablaðið 9. júlí 2020 sem hún kallar „Já, mjólk er góð“ og rökstyður hvers vegna láta á skattgreiðendur styrkja framleiðslu mjólkur og neytendur setta sig við innflutningshömlur og tolla á mjólkurafurðum.

Það er mikilvægt hafa það sem sannara reynist þegar fjallað er um ríka hagsmuni. Því miður hallar Jóhanna víða réttu máli. Rök Jóhönnu eru ská- og feitletuð og greining mín strax á eftir.

Mjólk er góð. Mörgum finnst það, en það er smekksatriði.

Mjólk er næringarrík. Fyrir marga já, en ekki alla og ekki mikið magn.

Landbúnaður er verndaður og varinn í öllum ríkjum heims.

Hér á Jóhanna væntanlega við þróuð lönd, því þróunarlönd hafa yfirleitt ekki efni á stuðningi. Lönd styrkja sinn landbúnað mismunandi mikið, en engar þjóðir eins og við. Á Íslandi er landbúnaður styrktur þrefalt meira en í Evrópu að meðaltali og um fimmfalt meira en gert er í BNA.

Stuðningur við mjólkurframleiðslu var 45 prósent af framleiðslukostnaði mjólkur í BNA en 33 prósent hér.

Stuðningurinn er reyndar alls milli 60-80% hér (sjá neðar) og af því að framleiðslukostnaður mjólkur er um helmingi lægri í BNA en hér, reiknast sami stuðningur á kg helmingi hærri hér.



Stuðningur við mjólkurframleiðslu er 33 prósent á Íslandi [sem er ekki mikið].

Beinn stuðningur til „nautgriparæktar“ á fjárlögum er rúmfríð 7 milljarðar kr. í ár sem gerir um 35% af framleiðsluvirði mjólkurafurða eða 51% ofan á grunnvirði. Tollvernd mjólkurframleiðslu, sem ekki er til staðar á milli landa í Evrópu, kostar neytendur hér um 5 milljarða króna til viðbótar. Heildarstuðningurinn hér er á bilinu 60-80% eftir því hvernig er reiknað.

90% tollskrárnúmera bera ekki toll hér en 26% í ESB-ríkjunum. Það, hvort tollar eru á einhverjum öðrum vörum, kemur þessu máli ekki við. Innan Evrópu er opinn markaður með matvörum. Tollar á matvöru sem hér viðgangast eru allt að því mannréttindabrot gagnvart fátæku fólki, lífeyrispegum, lágláunafólki og barnafjölskyldum.

Meðaltollur er 6,3% í ESB en

4,6% hér. Meðaltalið kann að vera rétt en þetta á ekki við um matvöru. Matvara, sem er viðkvæmasta varan, er tollfrjáls innan Evrópu en ofurtolluð hér. Í Evrópu eru norðlæg og suðlæg ríki og allt þar á milli. Laun og verðlag er líka mismunandi. Samt er sameiginlegur matvælamarkaður. Það jafnar kjör og aðstöðu Evrópubúa til mikilla muna. Við ættum að fara sömu leið til að bæta líf skjör fátæks fólks.

Hægt er að flytja inn án tolla 610 tonn af ostum. Já, en tollkvótar eru enn boðnir út, sem er ígildi tolla. Neytendur njóta því ekki lægra verðs á ostum og slíku sem í boði er í Evrópu.

Ef Íslendingar ætluðu að flytja út án tolla á móti er sú heimild aðeins 50 tonn. Þetta hljómar mjög undarlega. Tollkvótar fyrir skyr til Evrópu eru 3 til 4.000 tonn á ári, um 3.050 tonn af kindakjöti,

auk alls fisksins sem líka er matvæli.

Rúmlega þúsund fjölskyldur hafa afkomu beint af mjólkuriðnaðinum.

Það eru um 600 mjólkurbændur í landinu. Nokkur þúsund vinna afleidd störf. Þó opnað væri á tollfrjálsan innflutning myndi mjólkurframleiðsla halda áfram hér, því mjólkinn er dagvara. Við flytjum líka talsvert út til dæmis af skyri, samanber ofangreint. Það er eðlilegt að hafa opið í báðar áttir.

Það er stórt hagsmunamál fyrir þjóðir að hafa sterka innlenda [matvæla]framleiðslu.

Vissulega. Við framleiðum líka gríðarlega mikið af matvælum og flytjum megnið af því út, það er sjávarafurðir. Aðalmálið varðandi matvælaöryggi er að eiga birgðir af þurrmat og slíku ef samgöngur teppast.

Velferð, laun og aðbúnaður á Íslandi er ekki sambærilegur



Við eigum að fella niður tolla og innflutningshömlur af matvælum eins og aðrar þjóðir Evrópu.

Ódýrari framleiðslusvæðum í heiminum. Það er rétt en við styðjum mjólkur- og kindakjötsframleiðslu svo mikið að ef við gerðum það sama fyrir aðrar atvinnugreinar myndum við varla vinna fyrir aðföngum og ekkert væri til skiptanna til þess einu sinni að kaupa í matinn.

Að lokum: Hagur almennings miðað við sérhagsmuni bænda

Það er hagkvæmast fyrir þjóðir að gera það sem þær eru góðar í, selja það sem umfram er eigin þarfir og kaupa af öðrum þjóðum það sem þær eru góðar í.

Við Íslendingar eigum fjölda háskólamenntaðra búfræðinga. Við ættum að nýta þekkinguna og umframgetu á sviði matvælaframleiðslu til að hjálpa fólki í þróunarlöndum til að auka sína framleiðslu og minnka þannig matvælaþörf þar sem hann er mestur og kaupa jafnvel af þeim hluta framleiðslunnar, eins og mörg lönd Evrópu gera. Það myndi koma öllum vel.

Við eigum að fella niður tolla og innflutningshömlur af matvælum eins og aðrar þjóðir Evrópu. Íslenskir bændur myndu fá aðstoð við að aðlaga sig nýjum aðstæðum. Þetta myndi efla landið því fleiri myndu leggja eitthvað til og þetta myndi draga úr sárri fátækt.

FRÁBÆR STÖRF Í BOÐI HJÁ LIND FASTEIGNASÖLU

VIÐ LEITUM AÐ
**LÖGGILTUM
FASTEIGNASÖLUM**
TIL STARFA
- KONUM OG KÖRLUM Á ÖLLUM ALDRI

- Við leitum að löggiltum fasteignasölum sem sérhæfa sig í sölu og leigu atvinnuhúsnaðis
- Fjöldi verkefna framundan, af öllum stærðum og gerðum

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á umsokn@fastlind.is.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

LIND FASTEIGNASALA var stofnuð árið 2003 og er því á 17. starfsári. Hjá Lind starfa í dag 23 löggiltir fasteignasalar, þar af tveir lögmenn og einn lögfræðingur.

Lind á eftirfarandi söluvefi:

FYRSTU **FRÍTT** **NÝJAR**
Í BÚÐAKAUP.IS VERDMAT.IS Í BÚÐIR.IS



VEITUM VIÐSKIPTAVINUM AFSLÆTTI
HJÁ SÉRVÖLDUM FYRIRTÆKJUM

LIND FLYTUR Í STÆRRA OG BETRA HÚSNÆÐI



ÞEKKING OG REYNSLA • www.frittverdmatt.is

LIND Fasteignasala
**Uppspretta
ánægjulegra
viðskipta**



Jürgen er ekki ánægður með störf alþjóðaiþróttadómstólsins (CAS).

Vondur dagur fyrir fótboltann

ENSKI BOLTINN Jürgen Klopp, knattspyrnustjóri Liverpool, tjáði sig um úrskurð CAS, þar sem banni Manchester City frá þátttöku í Evrópukeppnum næstu tvö árin var aflétt, á blaðamannafundi í gær. Klopp sagði mánudaginn hafa verið vondan dag í knattspyrnusögunni.

„Ég er ánægður með að Manchester City geti leikið í Meistaradeild Evrópu á næsta tímabili, en á sama tíma tel ég mánudaginn ekki hafa verið góðan dag fyrir knattspyrnuna, ef ég á að vera hreinskilinn,“ sagði Klopp á fundi sem haldinn var í aðdraganda leiks Liverpool gegn Arsenal sem fram fer í kvöld.

„Ég er ósáttur þar sem ég tel reglurnar um fjárhagslega háttvísi vera af hinu góða og þessi úrskurður geri þær reglur að litlu sem engu. Mér finnast reglurnar eiga að sjá til þess að takmarka eyðslu félaganna og freista þess að koma í veg fyrir að félög eyði um efni fram. Nú hefur ríkustu félögum verið gefið ákveðið forskot, sem er ekki heillavænlegt,“ segir Þjóðverjinn enn fremur.

Talið er að Pep Guardiola muni halda lykilleikmönnum sínum, sem hefðu mögulega yfirgefið félagið ef úrskurði UEFA hefði verið haldið til streitu. Þá muni Guardiola einnig fá 150 milljónir til að eyða í leikmenn í sumar. Manchester City, sem sækir Bournemouth heim í kvöld, er orðað við Kalidou Koulibaly, varnarmann Napoli, David Alaba, bakvörð Bayern München, Ferran Torres, vængmann Valencia og Lautaro Martinez, framherja Inter. – hó

Ungir menn á hraðri uppleið

Sjöttu umferð Íslandsmóts karla í knattspyrnu lauk með fjórum leikjum síðastliðið mánudagskvöld. Þar skoruðu fimm ungir, efnilegir og spennandi leikmenn sitt fyrsta mark í meistaraflokki í efstu deild.

FÓTBOLTI Peningaskortur íslenskra knattspyrnufélaga og ástandið í heiminum í ljósi kórónaveirunnar, hefur ýtt undir það að ungir og efnilegir knattspyrnumenn fái fleiri tækifæri á Íslandsmótinu í knattspyrnu karla á yfirstandandi keppnistímabili.

Skýrt dæmi þess að spennandi íslenskir knattspyrnumenn séu að fá aukið rými í deildinni, er það að fimm ungir og efnilegir leikmenn skoruðu sitt fyrsta mark í meistaraflokki í efstu deild í sjöttu umferð deildarinnar. Þar af voru báðir markaskorarar Fylkis í sigri liðsins gegn FH, sem fleytti Árbæjarliðinu í toppsætið.

Þórður Gunnar Hafþórsson, sem kom til Fylkis frá Vestra síðasta haust, skoraði fyrra mark Árbæjarliðsins í þeim leik. Þórður Gunnar fór upp með Vestraliðinu úr 2. deildinni síðasta sumar og færði sig svo um set í Lautina. Þessi 18 ára gamli Ísfirðingur hefur leikið í öllum sex deildarleikjum Fylkis á leiktíðinni og staðið sig vel í vængstöðunni hjá liðinu.

Hinn tvítugi framherji Arnór Borg Guðjohnsen kom til Fylkis frá velska liðinu Swansea í sumarbyrjun. Arnór Borg kom inn á sem varamaður í leiknum gegn FH og stimplaði sig inn í leikinn með því að skora sigurmark Fylkisliðsins. Arnór hafði áður skorað tvö mörk Fylkis í stórsigri gegn ÍH í 32 liða úrslitum bikarkeppninnar.

Valdimar Þór Ingimundarson hefur svo haldið áfram jákvæðri þróun sinni síðustu mánuðina, en hann er í lykilhlutverki í sóknarleik Fylkismanna. Valdimar hefur skorað fimm mörk í deildinni, sem er einu marki minna en markahæstu leikmenn deildarinnar, þeir Óttar Magnús Karlsson, Thomas Mikkelsen og Patrick Pedersen og jafnmörg mörk og Steven Lennon.



Stefán Árni Geirsson kom KR-ingum á bragðið eftir einstaklingsframtak í sigri á móti Blikum. FRÉTTABLAÐID/VALLI

Stefán Árni Geirsson fékk það verðuga verkefni að leysa Óskar Örn Hauksson af hólmi á vinstri vængnum hjá KR, þegar liðið fékk Breiðablik í heimsókn í stórleik umferðarinnar. Stefán Árni var ekki lengi að láta til sín taka, en hann skoraði sitt fyrsta deildarmark fyrir KR eftir góðan sprett með huggulegu slútti í upphafi leiksins.

Stefán Árni er uppallinn hjá KR og er í uppáhaldi hjá stuðningsmönnum Vesturbæjarliðsins. Þessi tekniski sóknartengiliður var með betri mönnum hjá Leikni í 1. deildinni síðasta sumar og hafði greinilega gott af veru sinni í Breiðholti.

Miðvallarleikmaðurinn Orri Þórhallsson sá til þess að Fjölnir fór með stig í farteskinu úr för sinni til Akureyrar. Fjölnir, sem gerði 1-1

» Fimm leikmenn opnuðu markareikning sinn í sjöttu umferð Íslandsmóts karla í knattspyrnu.

jafntefli á móti KA, er með marga unga og efnilega leikmenn í sínum herbúðum og Orri sem er 18 ára gamall er einn af þeim leikmönnum Grafarvogslíðsins sem spennandi verður að fylgjast með.

Samstarf Skagamanna og Skallagríms undanfarin ár í knattspyrnu hefur verið gott. Árangur þess

góða samstarfs skilaði sér í því að Brynjar Snær Pálsson, sem er alinn upp í yngri flokkum í Borgarnesi og sleit barnsskónum í meistaraflokki Skallagríms, hefur leikið vel með ÍA í sumar. Brynjar Snær komst svo á blað í efstu, þegar hann skoraði eitt mark Skagaliðsins í 4-0 sigri gegn Gróttu um helgina.

ÍA, Kári og Skallagrímur tefla fram sameiginlegu liði í 2. flokki en það lið varð Íslandsmeistari árin 2018 og 2019 og lék þar fyrir utan í Evrópukeppni ungmennaliða síðasta haust, með góðum árangri.

Brynjar Snær, sem er fæddur árið 2001, var hluti af því liði en hann fékk sénsinn með meistaraflokki ÍA á síðasta tímabili, og hlutverk hans hefur síðan aukist í sumar. hjorvaro@frettabladid.is

KORANDO

5 Fimm ára ábyrgð

4x4

+ 178 hestöfl, 400 Nm

+ 2ja tonna dráttargeta

+ Fjór hjóladrif með læsingu

+ Ótrúlega rúmgóður

+ Gott aðgengi

+ Fimm ára ábyrgð

Verð á sjálfskiptum Korando DLX:

4.990.000 kr.

ÖRFÁ SÝNINGAREINTÖK Á LAGER!

45

1975 | Sérfræðingar í bílum | 2020



MIÐVIKUDAGUR 15. JÚLÍ 2020

Heilsa



Ný, norsk rannsókn á smithættu í líkamsræktarstöðvum hefur vakið mikla athygli. Vísindamenn rannsökuðu hvort líkamsrækt leiddi til aukinnar hættu á smiti á COVID-19. ➔4

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is



Fylgstu með!



Undraheimur kvenna í útivist

Þær Valgerður, Sara Björg og Inga Hrönn eru miklar útivistarkonur sem elska að ganga á fjöll. Þeim fannst vanta vettvang fyrir konur í útivist til að hvetja hverja aðra til dáða og stofnuðu því Facebook hópinn Fjallastelpur, sem er nú lifandi samfélag 6000 kvenna. ➔2

Valgerður Húnbogadóttir stundar fjallamennsku af miklum móð og stofnaði Fjallastelpuhópinn með tveimur vinkonum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Í hópnum Fjallastelpur er fjöldinn allur af konum saman-
kominn, sem eiga það sameigin-
legt að njóta hreyfingar og útiveru
í náttúrunni. Í hópnum geta konur
leitað ráða um allt sem brennur á
þeim varðandi útivist og göngur.
Valgerður Húnbogadóttir, sem
oftast er kölluð Vala, og Sara Björg
Pétursdóttir, segja að þær hafi
fundið að mikil þörf var á hóp sem
þessum og létu því til skarar skriða
ásamt Ingu Hrönn vinkonu sinni
og stofnuðu hann.

„Undanfarin tvö ár hefur rignt
yfir mig spurningum frá vinkon-
um, frænkum og gömlum kunn-
ingjum, um það hvernig maður á
að byrja í útivist, hvar á að kaupa
réttan búnað og svo framvegis,“
segir Vala og heldur áfram:

„Mér fannst ég alltaf vera að
svara svona spurningum, þann-
ig að ég sá að það var þörf á svona
hóp þar sem fólk gæti spurt
spurninga og fengið svör. Upp-
lifun okkar þriggja sem stofnuðum
hópinn, var að það hallaði svolítið
á konur í útivist. Það eru miklu
fleiri karlar í útivist áberandi í
fjölmiðlum og þegar við vorum að
fara í stórar jöklaferðir voru það
meira og minna karlmenn sem
voru að leiðsegja okkur. Þannig að
okkur langaði að stofna hóp þar
sem konur gætu leitað til kvenna
um ráð varðandi útivist.“

„Ég held að konur eigi það svolit-
ið til að setja sín markmið og sína
drauma til hliðar á meðan þær eru
að stofna fjölskyldu og koma undir
sig fótunum. Það er svo margt sem
getur stuðlað að því, en ég held að



Þær Vala, Inga Hrönn og Sara Björg njóta sín best á fjöllum. Þær deila þeirri ástríðu með fjölda annarra kvenna.

við konur gefum okkur almennt
minni tíma til að rækta áhuga-
málin okkar á vissu æviskeiði og
helgum okkur svolítið móður-
hlutverkinu og fjölskyldulífinu,“
segir Sara og nefnir að í sögulegu
sambandi hafi karlmenn almennt
verið meira áberandi og leiðandi í
fjallamennsku í gegnum tíðina.

„Ég held að flestar konur sem
stunda fjallamennsku í dag hafi



Sara Björg byr-
aði að stunda
fjallgöngur á
síðasta ári. Hún
er búin að skrá
sig í fjallaleið-
sögunám.

fetað sín fyrstu skref að ein-
hverju, eða jafnvel öllu leyti undir
handleiðslu karlmanna. Í dag er
kynjahlutfallið að jafnast meira út
og konum í fjallamennsku fjölgar
stöðugt, sem er mjög ánægjulegt.
Konur eru að stunda alls konar úti-
vist og fjallamennsku um allt land
og með tilkomu þessa hóps getum
við verið svo mikil hvatning fyrir
hverja aðra til að þróa það frekar
og afla okkur meiri þekkingar og
kunnáttu. Það er svo margt spenn-
andi í boði og oftan en ekki veit
maður ekki alveg hvar maður á að
byrja,“ bætir Sara við.

„Þessi hópur er bara undra-
heimur kvenna í útivist. Það fá
allar svör við spurningum sínum
strax og þetta eru svo miklir visku-
brunnar í þessum hópi og þær hafa
veitt okkur ótrúlegan innblástur,“
segir Vala.

Fjallamennskan byggir upp andlega og líkamlega heilsu

Vala segist alla tíð hafa verið mikil
útivistarmanneskja, en hún kemur
úr mikilli útivistarfjölskyldu. Hún
tók sér þó hlé þegar hún fór í mast-
ersnám og eignaðist börn en ákvað
svo að byrja aftur.

„Þegar ég hætti að stunda útivist
þá finnst mér hvernig andlegri og lík-
amlegri heilsu minni fer að hraka.
Þegar ég var ólétt af þriðju dóttur
minni, þá var ég búin að vera ólétt
fjórðum sinnum á tveimur árum,
ég varð fyrir fósturmissi. Ég ákvað
að biðja ekki eftir að barnið yrði
fætt til að byrja í útivist aftur, svo
ég byrjaði aftur kominn nokkra
mánuði á leið. Ég finn bara hvernig

andleg og líkamleg heilsa byggist
upp samhliða útivist. Þegar það
er mikið að gera í vinnunni, þegar
það er mikil streita, þá verð ég að
fara út.“

Sara segist líka alla tíð hafa verið
mikið náttúrubarn.

„Ég er alin upp í Keflavík sem
er algjört flatlendi, en fósturfaðir
minn var úr Vatnsdal í Húnavatns-
sýslu og þar dvaldi ég öll sumur frá
tveggja ára aldri. Hann var mikið
náttúrubarn og hafði gaman af
því að ferðast um landið og við
fjölskyldan ferðuðumst því tals-
vert, bæði á hálendi og láglandi.
Hann var mikill veiðimaður og
kenndi mér snemma að renna
fyrir silung, þannig að útivistin
sem ég stundaði var meira af þeim
toga,“ útskýrir Sara og bætir við að
hennar fjallamennska hafi í raun
ekki byrjað fyrr en á síðasta ári.

Hún hafði glímt við veikindi í
langan tíma án þess að vita hvað
amaði að, en fékk svo að vita
snemma árs árið 2018 að hún væri
með MS-sjúkdóminn. Hún varð
því að endurhugsa lífið aðeins.

Eftir miklar breytingar í per-
sónulega lífinu í kjölfar grein-
ingarinnar ákvað hún að fjarlægja
alla streituvalda úr lífi sínu.

„Ég fór að leita aftur út í nátt-
úruna, í „zenið“ mitt. Ég byrjaði
að hreyfa mig aftur og fjöllin heill-
uðu, ég fann að ég hafði þörf fyrir
að læra meira og mig langaði til að
verða sjálfstæðari og öruggari á
fjöllum,“ segir Sara.

Hún skráði sig á námskeiði í
fjallamennsku og þá var ekki aftur
snúið. Í dag er Sara búin að skrá

sig í eins árs fjallaleiðsögunám
og Vala hefur lokið námskeiðinu
Jökla 1, sem er fyrsta skrefið í átt
að fjallaleiðsögn á jökli.

„Það er alveg búinn að opnast
heill nýr heimur í þessu ferli,“ segir
Vala. „Það sem er svo áhugavert
við útivist er að maður lærir svo
ótrúlega margt, ekki bara um
náttúruna og umhverfið heldur
um sig sjálfa og hvers maður er
megnugur.“

Vala segir að hópurinn Fjalla-
stelpur virki sem mikil hvatning
fyrir konur sem stunda útivist,
bæði vanar og þær sem eru að
byrja.

„Við höfum séð konur sem
ætlðu sér ekkert á Fimmvörðu-
hálsinn, fara á Fimmvörðuhálsinn
út af þessum hóp, og konur sem
ætlðu ekki á Hvannadalshnjúk
eru að fara á Hvannadalshnjúk.
Það er líka gaman að fylgjast með
konum sem eru að taka próf í
fjallaleiðsögn og eru að stofna sín
eigin fyrirtæki í fjallaleiðsögn. Við
höfum orðið vitni að því í þessum
hópi.“

„Viðtökurnar við hópnum hafa
farið fram úr okkar björtustu
vonum,“ segir Sara.

„Meðlimir hópsins telja núna
6.540 konur og við erum dag-
lega að samþykka nýja meðlimi.
Hópurinn er virkur og umræð-
urnar fjölbreyttar. Allt frá tíða-
blæðingum í fjallaferðum, vali á
fatnaði, öryggi á fjöllum, búnaði og
leiðavali. Við höfum lært mikið af
hverri annarri.“

Allar konur eru fjallakroppar óháð líkamsþyngdarstuðli

Það eru ýmis verkefni á döfinni
hjá Fjallastelpum. Þær hafa haldið
kynningarkvöld hjá fyrirtækjum
og nýlega héldu þær fræðslukvöld í
Reykjavík sem vel var mætt á.

„Við Sara erum í viðræðum við
fyrirtæki um að fara í stelpuferð
upp í Þórsmörk sem verður aug-
lýst í hópnum. Svo erum við að
skipuleggja stórt verkefni sem við
auglýsum líklega í haust. Ég get
þess vegna ekki sagt mikið frá því
strax. Svo erum við með líkams-
virðingarverkefni sem er að fara í
loftið,“ segir Vala.

„Við heyrum það oft frá konum
að þær séu ekki í formi til að
stunda fjallgöngur eða að þær
þurfi að missa x mörg kíló áður en
þær byrja að stunda fjallgöngur. Í
okkar huga snúast fjallgöngur hins
vegars fyrst og fremst um þraut-
seigju og hugarfar. Langflestir geta
gengið á fjöll og er aðalmálið að
byrja rólega og fara ekki of geyst af
stað. Þú getur því verið í frábæru
fjallgönguformi þó að þú sért með
háan líkamsþyngdarstuðul og
það er alls ekki mælikvarði á það
í hversu góðu gönguformi einhver
er. Við erum af öllum stærðum og
gerðum og það er svolítið það sem
líkamsvirðingarverkefnið snýst
um. Að allar konur séu fjalla-
kroppar óháð líkamsþyngdar-
stuðli,“ segir Sara.

Í dag eiga fjöllin og náttúran
huga þeirra Söru og Völu allan.

„Mér líður hvergi betur en uppi
á fjöllum. Þar upplifi ég mig í
mestum tengslum við sjálfa mig.
Þar náði ég heilsu og þar fæ ég
mína næringu,“ segir Sara og Vala
bætir við:

„Maður er alltaf að upplifa
þessar innri gagnrýnisraddir, að
maður sé ekki nógu góður, nógu
sterkur, í nógu góðu formi, nógu
góður í vinnunni, nógu góð móðir,
og svo framvegis, en á fjöllum
hefurðu ekki pláss fyrir neinar
svona raddir.

Maður verður bara að standa sig
eins vel og maður getur og maður
kemur sjálfum sér alltaf á óvart í
útivist.“

LAXDAL
SUMARSALAN

NÚ ENN MEIRI
AFSLÁTTUR
30%-60%
GÆÐAFATNAÐUR
SEM ENDIST
VELKOMIN
LAXDAL ER Í LEIÐINNI

Skipholtí 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum
að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og
umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið rit-
stjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgafandi: Ábyrgðarmaður:
Torg ehf. Jóhanna Helga
Viðarsdóttir

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657,
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656,

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna
Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is, s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5768 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768



ROLEX



TUDOR



TAGHeuer



LONGINES



NOMOS
GLASHÜTTE



TISSOT



Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN
1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Kaupverðið á Borgun lækkað um 1,3 milljarða Salt Pay greiðir um 27 milljónir evra fyrir nærri 96 prósentu hlut. Verðið lækkað vegna efnahags-áhrifa COVID.	Hlutfé Alvogen aukið um 16 milljarða Alvogen Lux Holdings, eini eigandi Alvogen Iceland, stóð að hlutafjár-aukningunni og var hluthafalán sem félagið hafði veitt, gert upp.	Staða íslenskra gagnavera versnar Formaður Samtaka gagnavera segir að atvinnugreinin þoli ekki frekari hækkanir á raforkuverði.	Oft betra að úthýsa fjármálum Oft hagkvæmara fyrir minni og millistór fyrirtæki að úthýsa alfarið fjármálum sínum, en að reka eigin fjármálaeiningar.	Ekki er allt sem sýnist Til að ná sömu neyslu í ferða-þjónustu og í fyrra, en nú án erlendra ferðamanna, þyrfti neysla innlendra ferðamanna að fimmfaldast í ár.
2	2	4	8	10



FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Áliðnaður á krossgötum

Lokun álvers Rio Tinto Alcan á Nýja-Sjálandi vekur upp umræðu um framtíð áliðnaðar í hinum vestræna heimi. Á aðeins 20 árum hefur Kína gjörbylt landslagi álframleiðslu. ➔ 6-7

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímarpantanir á opticalstudio.is
og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

Hlutfé Alvogen Iceland aukið um 16 milljarða

Hlutfé Alvogen Iceland ehf., eins af fjölmörgum dótturfélögum sem heyra undir samstæðu lyfjafyrirtækisins, hefur verið aukið um rúmlega 16,2 milljarða króna.

Samkvæmt upplýsingum sem fengust frá fyrirtækinu var það Alvogen Lux Holdings, eini eigandi félagsins, sem stóð að hlutfjár- aukningunni í maí á þessu ári og var hluthafalán sem félagið hafði veitt Alvogen Iceland, gert upp á sama tíma. Íslenska félagið hefur fram til þessa verið fjármagnað með lánveitingum frá móðurfélaginu í Lúxemborg allt frá stofnun, fyrir um áratug.

Samkvæmt síðasta birta ársreikningi stóð skuld Alvogen Iceland við Alvogen Lux Holdings í rúmlega 12 milljörðum króna í árslok 2018. Eigið fé félagsins var þá neikvætt um 11,7 milljarða, en á árinu 2018 nam tap af rekstrinum nærri 3 milljörðum króna. Vaxta- kostnaður af skuldum félagsins við tengda aðila nam þannig um 640 milljónum króna á því ári.

Samkvæmt ársreikningi Alvogen Lux Holdings var tap af rekstrinum upp á um 203 milljónir Bandaríkja- dala, jafnvirði 28 milljarða króna á núverandi gengi, á síðasta ári, borið saman við 70 milljóna dala tap árið áður. Rekstrartekjurnar voru um 857 milljónir dala og drógust saman um rúmlega 250 milljónir dala. Eigið fé félagsins var um 117 milljónir dala í árslok 2019.

Samið var um sölu á starfsemi Alvogen í Mið- og Austur-Evrópu í október á síðasta ári til Zentiva Group, með fyrirvara um sam- þykki evrópskra samkeppnisyfir- valda. Endanlega var síðan gengið frá sölnunni í apríl á þessu ári. Kaup-



Róbert Wessmann, forstjóri og stofnandi Alvogen

12

milljörðum, nam skuld is- lenska félagsins við Alvogen Lux Holdings í árslok 2018.

verðið hefur ekki verið gefið upp, en fram kom í frétt Reuters árið 2018 að Alvogen hefði stefnt að því að fá um einn milljarð dala fyrir starfsemina.

Í samtali við Viðskiptablaðið í maí var haft eftir Árna Harðar- syni, aðstoðarforstjóra Alvogen, að markmið fyrirtækisins væri að hagnaður fyrir afskriftir, fjár- magnsgjöld og skatta (EBITDA) yrði nærri 300 milljónir dala á þessu ári og því næsta – að undanskilinni starfseminni í Mið- og Austur-Evró- þu var EBIDTA félagsins 121 milljón dala í fyrra – og um 556 milljónir dala að tveimur árum liðnum.

Alvogen er í meirihlutaeigu alþjóðlegu fjárfestingarsjóðanna CVC Capital Partners og Temasek. Þá hefur verið greint frá því að Róbert Wessmann, forstjóri og stofnandi Alvogen, eigi óbeint um 22 prósent hlut í lyfjafyrirtækinu í gegnum fjárfestingafélagið Aztiq Pharma. – hae

Verðið lækkað um 1,3 milljarða vegna COVID

Salt Pay greiðir 27 milljónir evra fyrir 96 prósent hlut í Borgun, en við undir- ritun kaupsamnings átti verðið að vera 35 milljónir evra. Ekki samstaða um söluna í stjórn. Hlutfé var aukið til að uppfylla kröfur um eiginfjárhlutfall.

Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is



Kaupverðið á Borgun, sem var í meirihluta- eigu Íslandsbanka, var lækkað um átta milljónir evra, jafn- virði nærri 1.300 milljóna króna á núverandi gengi, vegna þeirra neikvæðu efnahags- áhrifa sem kórónaveirufaraldur- inn hefur haft á rekstur félagsins. Rekstrartap Borgunar á fyrstu fimm mánuðum ársins nam 642 milljón- um króna sem er töluvert meira tap en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Samkvæmt heimildum Markað- arins greiðir alþjóðlega greiðslu- miðlunarfyrirtækið Salt Pay, sem gekk frá kaupum á tæplega 96 prósent eignarhlut í Borgun í síðustu viku, samtals 27 milljónir evra, jafnvirði 4,3 milljarða króna, fyrir hlutfé íslenska félagsins. Við undirritun kaupsamnings 11. mars síðastliðinn átti kaupverðið hins vegar að nema 35 milljónum evra.

Auk Íslandsbanka, sem er í eigu ríkisins og átti um 63,5 prósent hlut í Borgun, seldi Eignarhalds- félagið Borgun, sem er meðal ann- ars í eigu Stálskipa og Einars Sveins- sonar fjárfestis, 32,4 prósent hlut sinn í fyrirtækinu.

Eftir nokkurra ára aðdraganda hófst formlegt söluferli á Borgun í byrjun janúar 2019 og var það í umsjón svissneska ráðgjafarfyrir- tækisins Corestar Partners og fyrir- tækjaráðgjafar Íslandsbanka. Sam- kvæmt heimildum Markaðarins nemur sölukostnaður seljenda, ráð- gjafarkostnaður og árangurstengd þóknun, samtals yfir 20 prósentum af söluverðinu, eða nærri milljarði króna.

Auk Salt Pay sýndi meðal ann- ars breski fjárfestingarsjóðurinn Financial Services Capital, sem sér- hæfir sig í fjárfestingum í evrópsk- um fjármálafyrirtækjum, áhuga á Borgun og setti fram skriflegt til- boð í félagið undir lok síðasta árs. Tilboðið var talsvert herra en það sem Salt Pay greiðir nú fyrir Borgun, en viðræður við Financial Services í kjölfarið skiluðu engri niðurstöðu.

Ekki var samstaða um söluna til Salt Pay, sem er meðal annars í eigu Ali Mazanderani stjórnarmanns í Creditinfo, í stjórn Borgunar. Sumir stjórnarmenn, samkvæmt heimild- um Markaðarins, töluðu fyrir því að



Formlegt söluferli Borgunar hófst í janúar 2019. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

642

milljónum nam rekstrartap Borgunar á fyrstu fimm mánuðum ársins.

breyta starfsleyfi Borgunar úr því að vera lánafyrirtæki, sem felur í sér meiri íþyngjandi eiginfjákröfur af hálfu Fjármálaeftirlitsins, yfir í greiðslustofnun, rétt eins og Val- itor gerði í ársbyrjun 2020. Mark- miðið væri að ráðast í kjölfarið í tiltekna aðgerðir sem miðuðu að því að minnka efnahagsreikning Borgunar og þannig skapa svigrúm fyrir verulegri arðgreiðslu til hlut- hafa Borgunar, mögulega upp á 4 til 6 milljarða, áður en farið yrði í sölu á félaginu. Þær hugmyndir náðu ekki fram að ganga.

Forgangshlutabréfi Visa Inc., sem Borgun eignaðist þegar fyrirtækið seldi hlut sinn í Visa Europe með um 6,2 milljarða hagnaði á árinu 2016, fylgdu ekki með í kaupum Salt Pay. Borgun óskaði þannig eftir því undir lok síðasta mánaðar, eins og sagt hefur verið frá í Markaðinum, að Fjármálaeftirlit Seðlabankans

samþykkti beiðni Borgunar um að lækka hlutfé félagsins um 3,5 milljarða króna með greiðslu til fráfarandi hluthafa, sem felur í sér afhendingu allra eignarhluta í Visa Inc.

Samhliða þeirri hlutfjárhækk- un samþykkti Salt Pay að koma inn með nýtt hlutfé að fjárhæð átta milljónir evra. Verða 5 milljónir evra greiddar samtímis fram- kvæmd hlutfjárlækkunarinnar og síðan 3 milljónir evra sem komi til greiðslu innan næstu tólf mánaða.

Fram kemur í skýrslu stjórnar Borgunar vegna tillögu um hluta- fjárlækkunina, sem Markaðurinn hefur undir höndum, að stjórnin hafi brugðist við versnandi rekstr- araðstöðum með því að minnka lánsáhættu og losa lausafé. Þá hafi félagið gert samning um lánalínu við viðskiptabanka sinn til þess að tryggja nægt aðgengi að lausafé. Eig- infjárhlutfall félagsins hefur lækkað talsvert frá árslokum – þá var það 20,5 prósent – og var 14,69 prósent í lok maí. Að meðtöldu sjálfsmati á eiginfjárbörf eru lágmarkskröfur um eiginfjárhlutfall Borgunar 15,3 prósent. Með því að lækka hlutfé með útgreiðslu eignarhluta í Visa Inc. og hækka hlutfé með inn- greiðslu reiðufjár er hins vegar gert ráð fyrir að eiginfjárhlutfall hækki.

Hlutfé Korta aukið um 200 milljónir

Hlutfé Korta, sem var selt fyrir skemmstu til alþjóð- lega fjártæknifyrirtækisins Rapyd, var aukið um rúmlega 200 milljónir króna í liðnum mánuði. Það var Kvika banki, sem var fyrir söluna stærsti hluthafinn með yfir fjörutíu prósent hlut, sem skráði sig fyrir hinu nýja hlutfé í C-flokki með umbreytingu á útistandandi skuld færsluhirðingarfyrirtækis- ins við bankann. Eftir hlutfjár- aukninguna nemur hlutfé Korta rúmlega 1.721 milljón króna að nafnverði.

Tilkynnt var um undirritun kaupsamnings Rapyd á Korta í apríl á þessu ári – þau gengu endanlega í gegn í síðustu viku – en í samtali við Markaðinn á þeim tíma var haft eftir Arik Shtilman, forstjóra Rapyd,

146

milljónir króna var tap Korta á síðasta ári.

að félagið hyggðist ráðast í verulega fjárfestingu á íslenska markaðnum og muni líklega tvöfalda starfs- manna fjölda Korta á næstu þremur árum, en í dag starfa um 40 manns hjá fyrirtækinu. Fjárfestingunni er ætlað að byggja upp miðstöð vör- þrunar Rapyd í Evrópu.

Miðað við síðustu hlutfjár- aukningu Rapyd er félagið metið á um 150 milljarða íslenskra króna, en á meðal hluthafa eru fjártækni-

risinn Stripe Oak HC/FT, Tiger Glo- bal Management, General Catalyst og Target Global.

Samkvæmt heimildum Mark- aðarins nemur áætlað kaupverð Rapyd á Korta á þriðja milljarð króna. Endanlegt kaupverð ræðst hins vegar af afkomu Korta á þessu ári og getur tekið breytingum til lækkunar eða hækkunar.

Kvika og hópur einkafjárfesta keyptu Korta á eina krónu í lok árs 2017 og lögðu félaginu um leið til nærri 1.500 milljónir í nýtt hlutfé til að forða því frá gjaldþroti. Ári síðar var hlutfé Korta aukið um 1.055 milljónir króna.

Heildartap Korta á síðasta ári nam um 146 milljónum, borið saman við tap upp á 465 milljónir árið 2018. – hae

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLSKRINGLUNNI - fyrir 25-30 manns



PREMIUMS



Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga	7.30 -17.30
laugardaga	8.00 -16.00
sunnudaga	9.00 -16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

www.bjornsbakari.is

FARTÖLVUR!

ÞÚ FINNUR RÉTTU TÖLVUNA HJÁ OKKUR



APPLE MACBOOK AIR 2020

- Ótrúlega léttar og þunnar tölvur sem eru aflmeiri en nokkurn tímann áður
- 20% stærri snertiflötur og nýtt Magic lyklaborð
- Skelinn er úr 100% endurunnu áli



acer

ACER NITRO 5

- Yfirgnæfandi afkastageta með 10. kynslóð Intel örgjörva og Nvidia skjá korti
- Nú með DTX:X Ultra hljóðstýringu sem skilar skýrara og kraftmeira hljóði
- KillerConnectivity gerir þér kleift að forgangsraða forritum fyrir notkun á netinu



acer

ACER PREDATOR TRITON 500

- Ótrúlega kraftmikil miðað við stærð
- Notar CoolBoost tækni sem stillir kælinguna eftir þörfum
- 300Hz endurnýjunartíðni sem er allt að 4x meira en í hefðbundnum fartölvum



ASUS

ASUS VIVOBOK 15

- Fæst nú með 10. kynslóð Intel i5 örgjörva
- Rammalaus NanoEdge skjár, nýtir stærðina enn betur
- Með ErgoLift lóm sem lyftir tölvunni örlítið, fyrir aukin þægindi



APPLE MACBOOK PRO 2020

- Tilvalin fyrir þau kröfuhörðustu, hönnuð til að auðvelda vinnuflæði og afköst
- Nú fáanleg með örgjörva sem eykur afköst skjástýringar um allt að 80%
- Nýtt Magic lyklaborð með meiri nákvæmni



ASUS

ASUS EXPERTBOOK

- Ein léttasta 14" fartölvun á markaðnum
- Handhafi RedDot 2020 verðlaunanna
- Rafhlaða endist í allt að 24 tíma

tl.is

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á TL.IS

REYKJAVÍK · AKUREYRI · EGILSSTAÐIR · REYKJANESBÆR · SELFOSS · AKRANES

TÖLVU
LISTINN

Heimkaup minnkuðu tapið um helming og búast við jákvæðri afkomu

Wedo ehf., sem á og rekur vef-verslanirnar Heimkaup, Hópkaup og Bland, tapaði 181 milljón króna á síðasta ári, samanborið við 340 milljónir króna á árinu 2018. Hluta-fjárahæð að fjárhæð 180 milljónir króna og markvissar aðgerðir til að bæta reksturinn hafa tryggt rekstrarhæfi félagsins að mati stjórnar þess.

Tekjur Wedo námu 1.292 milljónum króna á árinu 2019 og jukust um rúmlega 8 prósent á milli ára. COVID-19 heimsfaraldurinn varð til þess að mikill vöxtur varð í sölu félagsins fyrstu mánuði ársins 2020, og voru mars og apríl veltumestu mánuðir í sögu þess.

Í byrjun árs 2020 var hlutfé félagsins aukið um 180 milljónir

króna auk þess sem til staðar er heimild til að auka hlutfé um 170 milljónir króna til viðbótar.

„Með bættri rekstrarniðurstöðu, hlutafjárahæð og heimild til frekari útgáfu hlutafjár, hefur rekstrarhæfi félagsins verið tryggt,“ segir í skýrslu stjórnar Wedo í ársreikningi félagsins, en uppfærðar rekstraráætlanir gera ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu á árinu 2020.

Þá kemur fram að á árinu 2019 og fyrstu mánuði ársins 2020 hafi stjórnendur félagsins farið í markvissar aðgerðir til að bæta rekstur og arðsemi félagsins.

„Þessar aðgerðir hafa skilað sér í bættri rekstrarniðurstöðu ársins 2019 og rekstri fyrstu mánaða ársins 2020,“ segir í skýrslunni.



Guðmundur Magnason, framkvæmdastjóri og einn eigenda Heimkaupa.

Stærsti hluthafi Wedo samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 2019 er Skeljungur, með 33 prósent hlut. Hyrna, félag Fjölvass Darra Rafnssonar, fer með tæplega 19 prósent hlut og Kaskur, félag Inga Guðjónssonar, eins af eigendum Lyfju, fer með 15 prósent hlut.

Í árslok gaf Wedo út tveggja ára breytanlegt skuldabréf að fjárhæð 150 milljónir króna, en eigandi bréfsins er einn af hluthöfum Wedo. Honum er heimilt að breyta eftirstöðvum skuldabréfsins að hluta eða öllu leyti í hlutfé, miðað við gengið ein króna á hlut. Alls nemur hlutfé Wedo 1.030 milljónum króna eftir hlutafjárahæðinguna í byrjun árs 2020.

– þfh



Friðbert Friðbertsson, forstjóri

Tekjur Heklu minnkuðu um 4,5 milljarða

Hekla, sem hefur umboð fyrir Volkswagen, Audi, Skoda og Mitsubishi, tapaði 17 milljónum króna á síðasta ári, samanborið við 26 milljóna króna tap árið 2018. Tekjur bílaumboðsins námu 12,5 milljörðum króna og drógust saman um 26 prósent frá fyrra ári, þegar þær námu tæplega 17 milljörðum.

Kostnaðarverð seldra vara lækkaði að sama skapi um tæp 28 prósent og nam rúmlega 10,2 milljörðum króna á árinu. Framlegð fyrirtækisins nam tæplega 2,3 milljörðum króna og dróst saman um 18 prósent á milli ára.

12,5

milljarðar króna námu tekjur bílaumboðsins í fyrra og drógust þær saman um 26 prósent frá árinu 2018

Friðbert Friðbertsson, forstjóri og annar af tveimur eigendum Heklu, sagði í viðtali við Markaðinn í nóvember að stjórnendur bílaumboðsins hefðu búist við 20-25 prósentu samdrætti á árinu, meðal annars í ljósi þess að þá stefndi í erfiðar kjaraviðræður, bílaleigur myndu ekki njóta lengur niðurfellingar á tollum og minni umsvifryrðu í ferðaþjónustu. Brugðist hefði verið við samdrættinum með því að hagræða í rekstri og birgðahaldi, og ferlar hefðu verið bættir.

Friðbert á helmingshlut í Heklu á móti Semler Group, sem er innflytjandi vörumerkja Volkswagen í Danmörku. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 4.126 milljónum króna í lok árs og bókfært eigið fé nam 1.553 milljónum.

Starfsmönnum Heklu fækkaði um 17 á árinu, úr 138 niður í 121, og launakostnaður lækkaði í takt. Hann nam 1.307 milljónum króna á síðasta ári samanborið við 1.466 milljónir árið 2018. – þfh

Staða gagnavera fer versnandi

Formaður Samtaka gagnavera segir greinina ekki þola frekari hækkanir á raforkuverði. Ekki tekið tillit til minni stórnotenda. Vinna að sérfræðialiti á atriðum í framsetningu Landsvirkjunar á orkuverði.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Lágt raforkuverð á samkeppnismörkuðum íslenskra gagnavera skapar talsverðar áskoranir fyrir atvinnugreinina, sem horfir fram á versnandi samkeppnishæfni.

„Hagstætt og fyrirsjáanlegt raforkuverð hefur í gegnum tíðina verið einn af stóru þáttunum sem hafa skapað íslenskum gagnaverum það samkeppnisforskot sem hefur skilað þeim á þann stað sem þau eru í dag, en til viðbótar við aðgengi að hreinni orku þurfa þau einnig góðar nettengingar og aðgengi að frábæru starfsfólki. Öll þessi atriði þurfa ætíð að vera samkeppnishæf við það sem best gerist erlendis. Stór hluti af þeim áskorunum sem við stöndum frammi fyrir núna, er hins vegar að Ísland er ekki lengur samkeppnishæft þegar kemur að raforkuverði, en sú staða er grafalvarleg, sérstaklega í ljósi hæðari umsvifa í öðrum útflutningsgreinum,“ segir Jóhann Þór Jónsson, formaður Samtaka gagnavera, í samtali við Markaðinn.

Hann bendir á að útflutningstekjur gagnavera hafi numið 12 milljörðum króna árið 2018 og að uppbygging atvinnugreinarinnar hafi ekki krafist meiriháttar fjárfestinga eða aðstoðar af hálfu ríkisins.

Orkuverð til notenda er að mestu sett saman af fjórum þáttum: Raforkuverði frá fyrirtækjum á borð við Landsvirkjun, ON, og HS orku; flutningskostnaði Landsnets, dreifikostnaði veitna og skóttum.

Jóhann segir að til viðbótar við lægra orkuverð erlendis, sé mikill munur á kostnaði við flutning og dreifingu á raforku á Íslandi, samanborið til dæmis við Noreg og Svíþjóð, sem leiðir til þess að heildarorkukostnaður verði umtalsvert lægri í þessum löndum samanborið við Ísland. Þá áformar Landsnet fjárfestingu upp á tugi milljarða í flutningskerfi sínu í tengslum við kerfisáætlun til að bæta raforkuöryggi, en það getur orðið til þess að raforkuverð til stórnotenda hækki umtalsvert á næstu árum.

„Fyrir liggur í áætlunum Landsnets að þetta getur valdið töluverðum hækkunum á dreifikostnaði stórnotenda. Að okkar mati þurfa ákvarðanir um fjárfestingar í flutningskerfi að byggja á samkeppnishæfni orkumarkaðarins og orku-frekra fyrirtækja. Þær mega ekki byggja einungis á sjónarmiðum um raforkuöryggi og hagnokkumframléiðenda,“ segir Jóhann.

„Við erum nú þegar í ósamkeppnishæfu umhverfi og frekari



Útflutningstekjur gagnavera námu 12 milljörðum króna árið 2018. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Við erum nú þegar í ósamkeppnishæfu umhverfi og frekari hækkanir á flutningskostnaði veita samkeppnishæfni íslenskra gagnavera þungt högg.

Jóhann Þór Jónsson, formaður Samtaka gagnavera

hækkanir á flutningskostnaði veita samkeppnishæfni íslenskra gagnavera þungt högg.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar, fékk erlendu ráðgjafarstofuna Fraunhofer / Ecofy til að gera úttekt á samkeppnishæfni stórnotenda á Íslandi, með sérstaka áherslu á raforkukostnað. Bundnar eru vonir við að niðurstöðurnar verði kynntar í þessum mánuði.

Í úttektinni, sem nær til allra stórnotenda raforku á Íslandi, verður farið yfir hvaða atriði hafa áhrif á raforkukostnað stóriðju á Íslandi, hlut orkukostnaðar í rekstrarkostnaði og hvernig raforkukostnaður sé samansettur. Raforkukostnaður og samkeppnishæfni stórnotenda á Íslandi verður borið saman við nágrannalönd á borð við Noreg, Þýskaland og Kanada.

„Aðalatriðið okkar er að þarna komi fram raunhönn mynd og hlutlaust mat,“ segir Jóhann og bætir við að úttektin þurfi að taka ýmis sérkenni íslenska orkumarkaðarins til greina. Þar á meðal flutningskostnað og ósveigjanleg atriði raforkusamninga. Þá hafa Samtök iðnaðarins ákveðið að fá álit sérfræðinga á ýmsum þáttum raforkumarkaðar-

Raforkukaup gagnavera dragast saman

Fréttablaðið greindi frá því í byrjun árs að raforkukaup gagnavera á Suðurnesjum hefðu dregist saman vegna minni eftirspurnar frá viðskiptavinum. Eyjólfur Magnús Kristinnsson, forstjóri Advania Data Centers, sagði notkun viðskiptavina fyrirtækisins hafa dregist saman um 10 MW frá því í lok árs 2018. Orkuverðið sem gagnaverum býðst á Íslandi væri ekki samkeppnishæft og hætta væri á frekari samdrætti þegar kæmi að endurnýjun samninga við stóra viðskiptavini.

„Í okkar tilvik hafa notkun dregist saman um 10 MW frá því í lok árs 2018, án þess þó að viðskiptavinum hafi fækkað eða að nýting á plássi sé lakari hjá okkur.

ins, aðallega stöðu Landsvirkjunar á markaðinum, hvort að kostnaðarverð og markaðsverð sé vel skilgreint í lögum, og hvort Landsvirkjun beri skylda til að heimta hámarksverð fyrir raforku.

„Ástæðan fyrir því að Samtök Iðnaðarins ákváðu að fá þetta álit, er að málflutningurinn í kringum raforkuverð er oft dálítið furðulegur og því tímabært að fá ýmis atriði á hreint, sem síðan verða dregin saman í heildstæða greiningu á vegum samtakanna síðar á árinu,“ segir Jóhann.

COVID-19 heimsfaraldurinn hefur haft áhrif á markaðsstarf íslenskra gagnavera. Samtök gagnavera hafa haldið fundi með Íslandsstofu til þess að undirbúa markaðsherferð sem ætlað er að markaðssetja Ísland sem ákjósanlegan stað fyrir

Það er ekki ákvörðun sem Advania Data Centers tekur heldur hafa viðskiptavinir sem leigja hjá okkur aðstöðu ákveðið að draga úr raforkunotkun sinni,“ sagði Eyjólfur. Þá benti hann á að orkuverði í miðborg Stokkhólms væri um 20 prósentum lægra en það sem fyrirtækinu býðst á Íslandi.

„Almennt séð er mikil eftirspurn eftir raforku, en það er aftur á móti minni eftirspurn eftir raforku á þeim verðum sem hafa verið að bjóðast á Íslandi. Gagnaversmarkaðurinn er að vaxa ævintýrlega í löndum á borð við Noreg og Svíþjóð, en vöxturinn hefur ekki verið eins mikill á Íslandi. Það eru einfaldar ástæður fyrir því og ein af þeim er hátt raforkuverð.“

gagnaver og laða að ný gagnaver og viðskiptavinir sem henta vel íslensku gagnaversumhverfi. Ef áformin ganga eftir hefst markaðsherferðin seint á þessu ári.

„Við viljum haga markaðsstarfinu og nýta þá fjármuni sem eru til staðar þannig að allir gangi í takt, bæði gagnaverin og aðrir aðilar markaðarins,“ segir Jóhann. Öflugt markaðsstarf sé nauðsynlegt til þess að Ísland verði á ratsjá þeirra fyrirtækja sem huga að útivistun, til dæmis á sínum ofurtölvum sem þurfa mikla kælingu og þar hentar íslenskt veðurfar einstaklega vel til að skapa okkur ákveðið samkeppnisforskot.

„Þegar þessi stóru fyrirtæki taka ákvarðanir um hýsingu horfa þau mjög gjarnan til Norðurlandanna og við þurfum að vera með í því samtali.“ thorsteinn@frettabladid.is

Ennþá meira úrval af listavörum

WorkPlus
Strigar frá kr. 195



kolibri®

Kolibri trönur
í miklu úrvali, gæða-
vara á góðu verði



Kolibri penslar
Handgerðir þýskir penslar
í hæsta gæðaflokki
á afar hagstæðu verði



Íblöndunarefni fyrir akrýl og olíulíti.



AMSTERDAM
dream + create

van Gogh
The Quality Brand

REMBRANDT
The Professional Choice



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



Listverslun.is



Forsvarsmenn ISAL eiga nú í samræðum við Landsvirkjun um endurskoðun raforkusamnings við álverið. Talsmaður ISAL segir að ekki hafi náðst lending sem tryggi rekstrargrundvöll álversins til lengra tíðar.

Þórður Gunnarsson
thg@frettabladid.is



Nú þegar Rio Tinto Alcan hefur tilkynnt að einu álvera fyrirtækisins verði lokað í ágúst á næsta ári, hafa spurningar um framtíð álversins í Straumsvík vaknað á ný. Aðstæður og aðdragandi lokunar álversins á Nýja-Sjálandi á sér vissar hliðstæður við þær aðstæður sem nú eru uppi vegna reksturs álvers Rio Tinto Alcan í Straumsvík. Deilur um orkukostnað, og einkum og sér í lagi flutningskostnað álversins við Tiwai Point, hafa staðið yfir allt frá árinu 2012, þó að auðvitað sé augljóst að þungar horfur á heimsmarkaði með ál, einkum og sér í lagi vegna umframframleiðslu í Kína, hafi sitt að segja líka.

Álverið við Tiwai Point hóf álframleiðslu árið 1971. Upphafleg framleiðslugeta þess var um 153 þúsund tonn á ári, en síðan þá hefur álverið verið stækkað nokkrum

Rekið með minna tapi en Straumsvík

Mikil framboðsaukning áls frá Kína á síðustu árum hefur veikt rekstrargrundvöll álvera í Evrópu og Norður-Ameríku. Alcoa, eigandi Fjarðaáls, lokaði álveri í Bandaríkjunum í apríl síðastliðnum.

Við höfum ekki enn náð samkomulagi við Landsvirkjun um raforkusamning sem gerir ISAL samkeppnishæft.

Bjarni Már Gylfason, ISAL

sinnnum og full afkastageta í dag nemur um 330 þúsund tonnum. Miklar deilur áttu sér stað á Nýja-Sjálandi fyrir byggingu álversins, en ráðast þurfti í miklar virkjanaframkvæmdir á Manapouri-vatnasvæðinu til að útvega álverinu rafmagn. Álverið er kaupandi um 13 prósentu allrar framleiddrar raforku á Nýja-

Deilt um flutningskostnað

Árið 2016 stóðu yfir miklar deilur um flutningskostnað álversins á Nýja-Sjálandi. Álverið var byggt um 40 kílómetra frá virkjuninni við Manapouri, en forsvarsmenn fyrirtækisins héldu því fram að greiddur flutningskostnaður væri í engu samræmi við notkun þeirra á dreifikerfinu, sem er um tólf þúsund kílómetrar að lengd í heild sinni.

Því lögðu þar til bær yfirlöð á Nýja-Sjálandi til árið 2017 að verðlagningu rafmagns yrði breytt þannig að notendur greiddu flutningskostnað til samræmis við notkun sína á dreifikerfinu. Hefði tillögunar gengið eftir hefði flutningskostnaður álversins við Tiwai Point lækkað um ríflega þriðjung eða 20 milljónir nýsjálenskra dollara, sem samsvarar um 3,6 milljörðum króna. Á móti hefði flutningskostnaður til heimila í höfuðborginni Auckland hækkað um 44 prósent, en meðalaukning

á heildarorkukostnaði á hvert heimili í höfuðborginni var metin um 50 nýsjálenskir dalir á ári, eða um 4.500 íslenskar krónur.

Höfuðborgin Auckland er staðsett nyrst á norðureyju Nýja-Sjálands, á meðan álverið Tiwai Point er syðst á suðureyjunni. Engin veruleg orkuframleiðsla fer fram nálægt höfuðborginni Auckland, en ráðist hafði verið í miklar umbætur á dreifikerfinu árin og áratugin á undan til að svala raforkuþörf vaxandi höfuðborgarinnar.

Á endanum féllu tillögunar þó um sjálfar sig. Var það meðal annars talið vegna þess að nýr orkumálaráðherra tók við og var sá þingmaður Auckland. Breytingar á greiðslu flutningskostnaðar voru á endanum útfærðar þannig að sparnaður Tiwai Point varð miklu minni en lagt var upp með og verðhækkun til heimila í Auckland varð aðeins um 4,5 prósent.



Timma. Sem stendur nýtur ISAL allt að 25% afsláttar af samningsverði.

» Að því er kemur fram í umfjöllun nýsjálenska blaðamannsins Richard Harman, tapaði álverið við Tiwai Point um 46 milljónum dala á árinu 2019, eða um 6,5 milljörðum króna. Til samanburðar tapaði álverið í Straumsvík um 13 milljörðum króna á síðasta ári.

Sjálandi, en nú þarf að finna þeirri orku nýjan farveg. Að sama skapi er þetta skellur fyrir hið staðbundna-hagkerfi álversins, en talið er að um 2.500 bein og óbein störf muni tapast vegna lokunar álversins. Álverið við Tiwai Point er knúid áfram af endurnýjanlegri orku, rétt eins og í Straumsvík, en því hefur verið haldið fram að þau álver sem nota hreina orku eigi betri mögu-leika á áframhaldandi starfsemi til framtíðar en önnur. Til að mynda hélt sérfræðingurinn

Justin Hughes, frá hrávörugreining-arfyrirtækinu CRU, því fram í við-tali við Viðskiptablaðið í maí 2018, að kaupendur áls væru tilbúnir að greiða hærra verð fyrir „grænt ál“, enda sé samfélagsleg ábyrgð fylgin í því að kaupa frekar slíka vöru. Með lokun álversins við Tiwai Point er augljóst að önnur sjónarmið en tegund orkugjafa ráða ákvörð-unum um lokun álvera, sérstaklega í ljósi þess að allt að því öll álfram-leiðsla Kína er knúin áfram með brennslu kola, einhvers mest meng-andi orkugjafa sem fyrirfinnst.

Helmingi minna tap en ISAL Að því er kemur fram í umfjöllun nýsjálenska blaðamannsins Richard Harman, tapaði álverið við Tiwai Point um 46 milljónum dala á árinu 2019, eða um 6,5 milljörðum króna. Til samanburðar tapaði álverið í Straumsvík um 13 milljörðum króna á síðasta ári, en er fram-leiðslugeta Straumsvíkur þó nærri helmingi minni en Tiwai Point. Það þarf því ekki að koma á óvart að blikur séu á lofti varð-andi rekstrarforsendur álversins í Straumsvík, eins og oft og ítrekað

Alcoa lokar öðru álveri í Bandaríkjunum

Bandaríski álframleiðandinn Alcoa, sem meðal annars á og rekur álver Fjarðaáls á Reyðar-firði, tilkynnti í apríl að einu álveri fyrirtækisins í Washington í Bandaríkjunum yrði lokað. Uppsagnir hófust þá þegar og áætlað er að rekstrarstöðvun ál-versins verði lokið áður en árið er úti. Fram kom í máli fyrir-tækisins að tap af rekstrinum hefði numið 24 milljónum dala á fyrsta ársfjórðungi einum og sér, eða tæplega 3,4 milljörðum króna. Afkastageta álversins er um 279,000 tonn. Alcoa glímir við sömu áskoranir og Rio Tinto Alcan þessi misserin, en mikið innflæði kínversks áls til Banda-ríkjanna á síðustu árum, hefur veikt mjög samkeppnisstöðu álvera þar í landi. Á árunum 2013 til 2018 dróst frumframleiðsla áls saman um 62%, að því er kemur fram hjá hagsmunasamtökunum American Primary Aluminum Association (APPA). Donald Trump tilkynnti í mars árið 2018 að framvegis yrðu 25 prósent innflutningstollar á stáli og 10 prósent á álafurðir. Var þetta gert til að tryggja sam-keppnisstöðu álframleiðendanna

hefur verið greint frá á opinberum vettvangi. Sagt var frá því í Markaðnum í febrúar á þessu ári að raforkuverð ISAL fyrir hverja megavattstund er um 38 dalir, að sögn viðmælenda sem þekktu vel til. Í verðinu er raf-orkuflutningur innifalinn, sem er talinn nema um sex dölum. Þá er Rio Tinto sagt borga 26 dali með flutningi fyrir hverja megavattstund í Kanada. Þó ber að nefna að Lands-virkjun hefur veitt stórnotendum allt að 25 prósent afslátt af raforku-verði fram á haust, til að bregðast við erfiðum aðstæðum á allflestum hrá-vörumörkuðum. Jafnframt standa yfir viðræður Rio Tinto Alcan og Landsvirkjunar um endurskoðun raforkusamningsins, en ekki hefur náðst lending í þeim málum. Lands-virkjun hefur haldið því fram að móðurfélagsábyrgð sé í gildi á samn-ingum Rio Tinto Alcan um orku-kaup, að lágmarki um 80 prósent af umsömdu magni, fram til ársins 2036. Endurskoðunarákvæði núver-andi samninga er hægt að virkja árið 2024. „Við höfum ekki enn náð samkomulagi við Landsvirkjun um raforkusamning sem gerir ISAL samkeppnishæft,“ segir Bjarni Már Gylfason, upplýsingafulltrúi Rio Tinto á Íslandi.

Orkan hrein viðar en hér Rio Tinto hefur sagt að öll álver sem ekki falli undir kjarnastarfsemi fyrirtækisins kunni að verða lokað, en álverin í Straumsvík, Tiwai Point og í Ástralíu hafa sérstaklega verið nefnd til sögunnar í því samhengi. Flest álver Rio Tinto eru starfrækt í Kanada. Þar í landi er um 60 pró-sent allrar rafmagnsframleiðslu frá vatnsaflí. Því ættu álverin þar að geta selt sína vöru sem grænt ál, rétt eins og álverin á Íslandi. Álverið í Straumsvík er næst-stærsti viðskiptavinur Landsvirkj-unar, en miðað við full afköst er fyrirtækið kaupandi að um 23 pró-sentum allrar framleiðslu Lands-virkjunar, að því er fram kom í árs-skýrslu Landsvirkjunar árið 2018. Straumsvík hefur þó aðeins starfað á 85 prósent afköstum frá áramót-um, að því er talsmaður Rio Tinto á Íslandi sagði í samtali við Markaðinn í júní.

Linnulaus aukning í Kína Álframleiðslugeta í Kína hefur vaxið ævintýralega á síðastliðnum 10 árum. Aukin framleiðsla og útflutningur Kína er líklega ein ástæða þess að álverinu við Tiwai Point var lokað, en nánast öll fram-leiðslan þaðan var seld til Japan og samkeppnisforskot kínverskra fyrirtækja því augljóst, meðal annars með tilliti til fjarlægðar frá við-

þriggja með frumframleiðslu í Bandaríkjunum. Þar er um að ræða Alcoa, Century Aluminum sem einnig rekur álverið á Grundar-tanga og loks Magnitude 7 Metals (M7M). Síðastnefndu tvö fyrirtæk-in standa að APPA-samtökunum. Hins vegar var Kanada undan-þegið frá innflutningstollum á áli í maí á síðasta ári. Afleiðingin varð sú að innflutningur á hreinu áli jókst um 46 prósent milli ára á fyrsta fjórðungi þessa árs. Álframleiðsla hefur að visu aukist nokkuð í Kanada frá því á síðasta ári, þegar eitt stærsta álver lands-ins í Becancour hóf aftur fulla framleiðslu eftir tveggja ára langa vinnudeilu. Ekki er mikil samstaða meðal bandarískra frumframleiðenda áls um hvernig eigi að bregðast við auknum innflutningi frá Kanada, að því er kemur fram í umfjöllun Reuters. Í eina röndina halda Cent-ury Aluminum og M7M því fram að innflutningurinn frá Kanada sé að ganga endanlega frá þeim áliðnaði sem ennþá lifir á banda-rískri grundu. Því verði að taka upp innflutningstolla á kanadískt ál á nýjan leik. Alcoa heldur því hins vegar fram að áhyggjur af

álinnflutningi frá Kanada, skyggi einfaldlega á hið stóra vandamál sem er ofvöxtur kínverskrar fram-leiðslu og sú óhagfellda verð-lagning sem henni fylgi. Það er þó kannski ekki undar-legt að Alcoa taki þennan pól í hæðina þar sem þrjú álver fyrir-tækisins eru staðsett í Kanada, þar með talið áðurnefnt álver við Becancour. Alls er ríflega um fjórðungur allrar álframleiðslu-getu Alcoa í Kanada. Flestöll álver í Bandaríkjunum eiga það sammerkt að vera í eldri kantinum og því er hagkvæmni framleiðslunnar minni en á við um nýrri álver, sem eru velflest í Kína. Í þessu samhengi verður þó að hafa í huga að mikilvægt er fyrir Bandaríkin að hafa traustan aðgang að áli, þar sem málmurinn er mikilvægur við ýmsa fram-leiðslu. Stærsti útflytjandi hrááls á heimsvísu er Rússland, á meðan Kína stendur fremst í útflutningi af álblöndum af ýmsu tagi. Bent hefur verið á að ekki sé boðlegt að treysta á álframboð frá slíkum viðskiptafélögum – það þarf ekki að horfa lengra en til mikilvægis áls við hergagnaframleiðslu til að sjá að slíkt er ekki á vetur setjandi.

Álframleiðsla á heimsvísu í maímánuði í þúsundum tonna

Kína	3.105
Asia(utan Kína og Persaflóa)	342
Austur-Evrópa og Rússland	351
Persaflói	496
Vestur-Evrópa	284
Suður-Ameríka	73
Norður-Ameríka	346
Afríka	139
Eyjaálfa	162
Samtals	5.448

skiptavinum. Kínverskir útflytjendur áls fá að sama skapi endurgreiddan virðis-aukaskatt af ákveðnum álafurðum við útflutning, og oft og tíðum afsláttarkjör á raforku. Í maí á þessu áru voru um 5,45 milljónir tonna af áli framleidd á heimsvísu, en þar af voru um 57 prósent framleidd í Kína, samkvæmt gögnum frá World Aluminum Institute. Sé litið tíu ár aftur í tímann, nam hlutfall Kína af heildarframleiðslunni um 42 pró-

sentum og fyrir 20 árum stóðu kín-verskir framleiðendur að baki um 11 prósent af heildarálframleiðslu heim-sins. Affimm stærstu álframleiðendum heims er þrír kínverskir - Chalco, Hongqiao Group og Xinfu. Hinir tveir hinna fimm stærstu eru hið rússneska Rusal og loks Rio Tinto Alcan. Langstærsti hluti kínverskra álvera en knúinn áfram með brennslu kola. Nánast öll afkasta-aukning í álframleiðslu síðastliðin 20 ár, hefur átt sér stað í Kína og í nánast öllum tilfellum hafa kola-orkuver risið til að knýja þau. Afleið-ingin er sú að kol eru aðalorkugjafi álframleiðslu á heimsvísu, að því er kom fram í máli sérfræðinga á ráð-stefnunni International Aluminum á síðasta ári. Ljóst er að Kína ræður ferðinni í álframleiðslu í heiminum sem stend-ur. Sjónarmið um grænt ál eiga litt upp á pallborðið þar í landi og því eiga hinir hefðbundnu álframleið-endur í hinum vestræna heimi við erfiðan andstæðing að etja.



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR

Stuðnings-Kría

Opnað fyrir umsóknir

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins auglýsir veitingu mótframlagslána sem eru hluti af úrræðum ríkisstjórnarinnar vegna Covid-19 heimsfaraldursins.

Opnað verður fyrir umsóknir á morgun, **fimmtudaginn 16. júlí 2020.**

Lánin verða veitt sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum sem uppfylla tiltekin skilyrði. Sótt er um lánin á heimasíðu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, www.nyskopun.is.

Á vef Nýsköpunarsjóð má einnig finna nánari upplýsingar varðandi umsóknarferlið, skilyrði sem sprota- og nýsköpunarfyrirtæki þurfa að uppfylla og skilmála lánanna.

Umsóknartímabil lánanna er frá 16. júlí 2020 til 13. ágúst 2020.

Oft hagkvæmara að úthýsa fjármálum

Svipmynd

Hrönn Sveinsdóttir

Nám:
 Viðskiptafræðingur, Cand Oceaon af endurskoðunarsviði frá Háskóla Íslands.

Störf:
 ■ Í dag starfa ég fyrir tvö félög sem ég er meðeigandi í, FX Iceland, sem er gjaldeyrisskiptamiðstöð og Smart finance, sem er fjármálaþjónustufyrirtæki.
 ■ Frá 2005 – 2019 starfaði ég sem framkvæmdastjóri fjármála og rekstrarsviðs hjá Sýn hf. /Vodafone og þar á undan starfaði ég á árunum 1992-2005 sem framkvæmdastjóri fjármála og mannauðs hjá P. Samúelssyni hf. /Toyota.
 ■ Ég sit í stjórn Kviku banka og Heklu og hef áður setið í stjórn Almenna lífeyrissjóðsins, Húsa-smiðjunnar, P/F Kall í Færeyjum og Isnic.

Fjölskylduhagir:
 Gift Bergsveini Sampsted og við eigum þrjá syni, Svein, Alfons og Dag.

Hver eru þín helstu áhugamál?
 Ég hef gaman af flestallri hreyfingu, golf er efst á blaði, spila eins mikið og ég get yfir sumartímann, finnst líka mjög gaman að hjóla og hef farið nokkrar hjólaferðir til Ítalíu, á veturna stunda ég skíði. Mér finnst mjög gaman að fylgjast með fótbolta, sérstaklega að horfa á syni mína keppa. Þess utan fer ég í ræktina 4-5 sinnum í viku og er núna að prófa kraftlyftingar, sem er bara mjög skemmtilegt.

Næðu að halda jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs?
 Já, ég myndi segja að það gangi bara vel.

Hvernig er morgunrútinan þín?
 Vakna rúmlega kl. 7 og fæ mér morgunbúst og kaffibolla. Fer í ræktina eða í golf og mæti til vinnu í kringum kl. 10.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Ef ég ætti að nefna eina bók sem hefur haft mikil áhrif á mig þá er það bókin „Rich Dad Poor Dad“ eftir Robert Kiyosaki sem ég las fyrir um 20 árum og kenndi mér mikið um mikilvægi þess að vera vel fjármálalæs og fjárhagslega sjálfstæð, og var í raun grunnurinn að því að við hjónin settum okkur markmið um að fara í sjálfstæðan rekstur á ákveðnum tímapunkti í lífinu.



Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Smart Finance, segir að vegna COVID hafi tafist að koma félaginu á laggirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hvers vegna stofnaðir þú ásamt fleirum Smart finance?

Ég hætti störfum hjá Sýn til að stofna FX Iceland ásamt eiginmanni mínum, eftir að við fengum leyfi frá fjármálaeftirlitinu. FX Iceland er fyrsta gjaldeyrisskiptastöð á Íslandi fyrir utan bankana. Í rekstri FX Iceland skiptir höfuðmáli að hafa upplýsingar um nákvæma stöðu á þeim gjaldmiðlum sem við erum að skipta með á hinum kvika gjaldeyrismarkaði sem við búum við, á móti krónunni okkar. Með það að leiðarljósi hófst vinna við að koma fyrirtækinu á laggirnar. Við ákváðum að byggja gjaldeyrisstarfsemina alfarið á skýjalausn og gerðum kröfu um að bókhaldið yrði á sama hátt í skýjalausn. Við völdum Business Central bókhaldsskýjalausn frá Microsoft og eftir að hafa kynnst kerfinu sá ég að í því fólust ákveðin tækifæri. Tæki-

■ ■ **Í rekstri FX Iceland skiptir höfuðmáli að hafa upplýsingar um nákvæma stöðu á þeim gjaldmiðlum sem við erum að skipta með á hinum kvika gjaldeyrismarkaði.**

færi til að veita sams konar þjónustu til lítilla og millistórra fyrirtækja og fjármálaeiningar stóru fyrirtækjanna veita, án þess að þurfa að leggja út í miklar fjárfestingar í kerfum eða mannskap.

Í framhaldinu ákváðum við Hildur Pála Gunnarsdóttir, sam-

starfskona mín hjá Sýn, að stofna saman Smart finance fjármálaþjónustu, fyrirtækið er eins og FX Iceland rekið eingöngu í kerfum sem eru í skýjalausn. Markmiðið er að veita viðskiptavinum okkar góða yfirsýn yfir áreiðanlegar og reglulegar upplýsingar um fjárhagsstöðu fyrirtækja þeirra, meðal annars með myndrænu gagnvirku mælaborði og miðlun gagna í gegnum viðskiptagátt. Við nýtum okkur aðrar skýjalausnir í okkar vinnu, meðal annars Teams, skönnun á skjölum, sameiginleg pósthólf svo eitthvað sé nefnt og er markmiðið okkar að bjóða upp á 100% pappírslaus viðskipti. Við fengum til liðs við okkur Katrínu Dögg Ásbjörnsdóttur, sem starfaði einnig með okkur Hildi Pálu í Sýn, og tæknisnillinga hjá Metadata sem eru samferða okkur í vegferðinni að koma Smart finance

í loftið. Þá bjóðum við einnig fyrirtækjum sem vilja alfarið úthýsa fjármálum sínum „fjármálastjóra til leigu“, sem getur verið hagkvæmara fyrir minni og millistór fyrirtæki en að reka sínar eigin fjármálaeiningar.

Hvað hefur verið mest krefjandi við að stofna Smart finance?

Þessi vegferð hefur meira og minna verið ánægjuleg og skemmtileg, en ef eitthvað hefur reynst áskorun, þá er það að sinna margbreytilegum hlutverkum við stofnun félagsins, svo sem að koma félaginu á laggirnar, setja upp tæknilegt vinnuumhverfi, sinna sölumennsku og hanna heimasíðuna okkar smartfinance.is., svo ekki sé minnst á COVID sem hefur tafið okkur við að koma félaginu á laggirnar, en auðvitað eru allir aðrir líka að kljást við þær aðstæður. Þannig að heilt yfir hefur þetta gengið vel.

Framúrskarandi land til fjármála



Brynja Baldursdóttir framkvæmdastjóri Creditinfo á Íslandi

Flest okkar hafa þurft að fá fyrirgreiðslu á ævinni. Hvort sem það er úttektarheimild í verslun, eftirágreiðd farsímaáskrift, yfirdráttur eða húsnæðislán, þá virkar samfélag okkar þannig að við erum stöðugt að treysta hvert öðru til að standa við gerða samninga. Sem betur fer greiða langflestir sínar skuldir og það eru undantekningar þegar það er ekki gert. Það er ekki bara slæmt fyrir þann sem veitir fyrirgreiðsluna að fá skuldina ekki greidda. Kostnaður af lélegum lánaákvörðunum getur verið gifurlegur og hann lendir á okkur öllum og það er engum greiði gerður að verða yfirskuldsettur og lenda í fjárhagsvand-

ræðum. Það er því hagsmunamál okkar allra að hér sé stunduð ábyrg lánastarfsemi sem byggir á góðum upplýsingum.

Vinnsla þessara upplýsinga byggir í dag á reglugerð um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust frá árinu 2001. Það er Persónuvernd sem gefur út starfsleyfi til handa þeim sem má framkvæma þessa vinnslu og er Creditinfo í dag eina fyrirtækið á Íslandi með slíkt leyfi.

Gjörbreytt miðlun upplýsinga

Frá árinu 2001 hefur fjártækni, upplýsingaflæði og deiling gagna gjörbylst. Facebook varð til 2004, fyrsti iPhone síminn kom á markað 2007, úrval lánamöguleika hefur stórkaukst og nú er hægt að sækja um næstum öll lán í sjálfsafgreiðslu á nokkrum mínútum. Flestum finnst þetta sjálfsagt í dag, en þetta þýðir að það er hægt að skuldsetja sig á mörgum stöðum á stuttum tíma, af því að heimildir til upplýsingaöflunar og vinnslu, miða við að lán-

■ ■ **Notkun persónuupplýsinga til lánsákvæðana byggir í dag á úreltu lagaumhverfi.**

tökuferli taki margar vikur.

Árið 2001 voru faxtæki í fullri notkun og aðeins fjögur ár frá því að hver sem er gat keypt vanskilaskrá á bókarformi. Í dag er gagna aflað og miðlað gegnum öruggar tengingar, geymdar í aðgangsstýrðum gagnagrunnum, uppflettingar eru rekjanlegar og skýrir ferlar gilda um alla meðhöndlun þeirra.

Gjörbreytt lagaumhverfi

Árið 2013 voru samþykkt lög um neytendalán sem skylda lánveitendur til að lánshæfismeta alla sem taka lán. Ef lánsfjárhæð er yfir ákveðinni upphæð skal einnig framkvæma greiðslumat. Eftir að lögin tóku gildi kom út reglugerð um lánshæfis- og greiðslumat. Þar eru nákvæmar leiðbeiningar um

greiðslumat, en orðalag um láns- hæfismat er rýrt. Þannig getur áhættusækin lánveitandi notað uppflettingu í vanskilaskrá eingöngu sem lánshæfismat, sem segir bara til um hvort viðkomandi er nú þegar kominn í vandræði. Þá eru heimildir takmarkaðar til að nota jákvæð gögn og ekki er gert ráð fyrir að lántaki vilji deila upplýsingum um sína fjármálasögu til að fá betri fyrirgreiðslu.

Árið 2018 tóku ný lög um persónuvernd gildi sem byggja á Evrópureglugerð, en tilgangur hennar var að koma til móts við breytt tækniumhverfi. Í greinargerð með lögnum kemur fram að eðlilegt þyki að settar verði reglur, og frekari ákvæði um vinnslu fjárhagsupplýsinga í reglugerð, og að til álita komi hvort setja eigi sérstök lög um efnid. Vilji löggjafans er því skýr, hann telur þörf á nánari reglum og virðist ekki ætla að fela eftirlitsvaldinu (Persónuvernd) að setja þær. Síðan eru liðin tvö ár og ekki bolar á reglugerðinni.

Skýr lög grundvöllur framþróunar


Notkun persónuupplýsinga til lánsákvæðana byggir í dag á úreltu lagaumhverfi. Þar er gert ráð fyrir að málið snúist eingöngu um persónuvernd en fjárhagshlutinn er ekki síður mikilvægur, sem er á herðum Persónuverndar að setja reglur um í dag. Í nágrannalöndunum er búið að aðlaga lagaumhverfið og eru almennt sér lög um rekstur fjárhagsupplýsingastofu, þar sem þessi tvö hlutverk eru skýr.

Ísland hefur tækifæri til að vera framúrskarandi á mörgum sviðum. Til þess að svo megi verða þurfa einstaklingar og fyrirtæki að hafa gott aðgengi að fyrirgreiðslu. Með skýrum lögum um aðgengi og skilvirka miðlun upplýsinga, þar sem persónuverndar er gætt í hvívetna, tryggjum við betri áhættu- stýringu, betri lánakjör, greiðara aðgengi að fjármagni, sanngjarnari og hraðari lánaákvæðanir og síðast en ekki síst betri neytenda- vernd og ábyrgari fjármálahegðun okkar allra.

FRÉTTABLAÐIÐ

GRÍPTU FRÉTTABLAÐIÐ MEÐ Í FERÐALAGIÐ

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu víðs vegar um landið
m.a. í verslunum, sundlaugum, íþróttamiðstöðvum og á bensinstöðvum.



FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins, líka á sumrin

Skotsilfur



Ráðgjafar Haga

Þeir **Frosti Ólafsson**, fyrrverandi forstjóri ORF Líftækni og framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, og Björn Brynjúlfur Björnsson, ráðgjafi og fyrrverandi aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, bættust í liðinni viku á lista yfir hóp fruminnherja Haga, sem ráðgjafar félagsins. Ekki þarf að koma á óvart að Finnur Oddsson, sem settist í forstjórastól smásölurans í byrjun þessa mánaðar, leiti til þeirra eftir ráðgjöf, en Frosti og Finnur störfuðu saman um nokkurra ára skeið hjá Viðskiptaráðinu. Finnur var framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs á árunum 2007 til 2012, en í kjölfarið tók Frosti við keflinu fram til ársins 2017.



Erfið staða

Ekkert gengur að semja við flugfreyjur og því er framtíð Ícelandair ennþá í mikilli óvissu. Forsvarsmenn samninga-nefndar flugfeyja, sem **Guðlaug Liney Jóhannsdóttir** fer fyrir, harðneita því að launin sem krafist er yrðu þau hæstu á byggðu bóli. Það má vel vera að einhvers staðar í heiminum séu flugfreyjur á hærri launum en farið er fram á gagnvart Ícelandair. En sé litið til einhverra keppinauta Ícelandair, til að mynda í Evrópu, þarf ekki að leggjast í langdregnar rannsóknir til að sjá að flugfreyjur EasyJet og Wizz Air fá greitt á bilinu 250 til 300 þúsund krónur á mánuði. Ekki þar með sagt að Ícelandair eigi að bjóða slík kjör, en það breytir ekki þeim raunveruleika að öll þrjú flugfélögin sem hér eru nefnd, eru skráð til heimilis á evrópska efnahagssvæðinu þar sem frjálst flæði vinnuafis er heimilt.



Aldrei aftur

Á meðan flugfreyjur Ícelandair eru að grafa sína eigin gróf gætir vaxandi óánægju meðal flugmanna og flugvirkja félagsins, sem hafa samþykkt nýja kjarasamninga, hversu lítinn skilning flugfreyjufélag Íslands hefur sýnt gagnvart þeirri stöðu sem flugfélagið stendur nú frammi fyrir. Mikill meirihluti stéttarinnar, sem kolfelldi tillögu að nýjum kjarasamningi, hefur ekki meðtekið þá staðreynd að þau kjör sem flugfreyjur, ásamt öðrum flugstéttum, hafa búið við um langt skeið verða aldrei aftur í boði, hvorki hér á landi né annars staðar. Þess í stað virðist stéttarfélagið ætla að veðja á að íslenska ríkið hlaupi undir bagga og niðurgreiði óarðbæran rekstur Ícelandair, sem er stýrt af **Boga Nils Bogasyni**, til langframa, með því viðhalda þessum kjörum flugáhafna félagsins. Stjórnmalamenn munu þá þurfa að svara þeirri spurningu hvort réttlætlegt sé að nýta takmarkaða fjármuni ríkissjóðs um þessar mundir með slíkum hætti, í harðri samkeppni við önnur flugfélög. Það verður að teljast afar ólíklegt.



Kalifornía herðir tökin á hagkerfinu



Rakarar í Los Angeles, Kaliforníu, sinna síðustu viðskiptavininum áður en skellt verður í lás. Ríkisstjórinn, Gavin Newsom, hefur tilkynnt um viðtækar lokanir hjá fyrirtækjum í verslun og þjónustu til þess að sporna við útbreiðslu kórónaveirunnar. Þá mun allt skólahald í Los Angeles og San Diego fara fram með rafrænum hætti, sem gæti gert foreldrum 825 þúsund nemenda erfiðara fyrir að mæta til vinnu. **MARIO TAMA/GETTY IMAGES**

Ekki er allt sem sýnist



Bjarnheiður Hallsdóttir
formaður
Samtaka ferða-
þjónustunnar

Fljótt á litið virðumst við Íslendingar bara vera að koma nokkuð vel út úr COVID-efnahagskreppunni. Eða eins og einhver orðaði það – það er eins og hér hafi aldrei verið neitt COVID. Hingað streymir varningur frá Kína í tonnavis, verslun og þjónusta hefur sjaldan verið blómlegri, heitir pottar seljast eins og heitar lummur og oliufélögin eru ánægð með árangur síðustu vikna, enda ferðast Íslendingar nú innanlands sem aldrei fyrr. Í fjölmiðlum heyrast fréttir af fullbókuðum hótélum á landsbyggðinni, samfélagsmiðlar eru fullir af myndum úr ferðalögum Íslendinga um sitt fallega land. Land, sem þeir eru margir hverjir að uppgötva og upplifa í fyrsta sinn – og sjá með eigin augum og njóta þeirrar fjölbreyttu uppbyggingar í ferðaþjónustu, sem orðið hefur um land allt síðustu ár. Það er allavega jákvætt. En er þá ekki allt í besta lagi?

Þegar skyggst er undir yfirborðið er staðreyndin hins vegar sú að því fer fjarri að allt sé í lagi. Á meðan heilbrigðisstarfsfólk var og er í framlinu hvað heilsuvána varðar, þá eru það rekstraradilar og starfsfólk í ferðaþjónustu sem er í framlinu efnahagslegu hamfaranna. Stór hluti ferðaþjónustufyrirtækja hefur verið nánast tekjulaus síðan um miðjan mars síðastliðinn. Það eru fyrirtækin, sem landsmenn eiga yfirleitt lítil viðskipti við, svo sem ferðaskrifstofur og ferðaskipu-



Til þess að ná sömu neyslu í ferðaþjónustu og í fyrra, en nú án erlendra ferðamanna, þá þyrfti neysla innlendra ferðamanna að fimmfaldast árið 2020.

leggjendur sem þjónusta erlenda ferðamenn, skipuleggjendur funda og ráðstefna, bílaleigur, gistifyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu og sérhæfð afþreyingarfyrirtæki. Fyrirtækin, sem njóta nú viðskipta við Íslendinga, þakka þau að stórum hluta alls kyns tilboðum – sem með öðrum orðum er ósjálfbær tekjustýring, þar sem stundum er það á mörkunum að það borgi sig að hafa opið yfir höfuð.

En að sjálfsögðu skipta viðskipti á innanlandsmarkaði mörg fyrirtæki máli. En hafa verður í huga, að þau

geta aldrei orðið annað en dropi í hafið, ef miðað er við viðskipti við erlenda ferðamenn í venjulegu ári. Innanlandsmarkaðurinn er agnar-smár, ferðahegðunin og neyslunmynstrið almennt allt annað og ferðatímabilið er örstutt. Það hófst ekki að neinu marki fyrr en í júlí og verður að öllum líkindum að mestu lokið um miðjan ágúst. Fyrirtæki í ferðaþjónustu á Íslandi taka flest inn meginhluta tekna sinna yfir háönnina og gott tekjustreymi á því tímabili er forsenda fyrir því að þeim sé kleift að halda úti þjónustu og mannafla allt árið. Innlend neysla innanlandsferðamanna (án flugs og ferðaskrifstofa) árið 2019 var 93 milljarðar króna. Innlend neysla erlendra ferðamanna sama ár var hins vegar 383 milljarðar. Til þess að ná sömu neyslu í ferðaþjónustu og í fyrra, en nú án erlendra ferðamanna, þá þyrfti neysla innlendra ferðamanna að fimmfaldast árið 2020.

Flest starfsfólk í ferðaþjónustu hefur nú fengið uppsagnarbréf, eftir

að hafa verið í einhverja mánuði á hlutabótaleiðinni. Það sama á við um starfsfólk margra fyrirtækja sem eiga sín viðskipti að miklum hluta undir ferðaþjónustu. Ef við einblinum eingöngu á ferðaþjónustufyrirtækin, þá erum við að tala um um það bil 25.000 manns, sem nú eru í algjörrri óvissu um störf sín og afkomu. Úrræði stjórnvalda til þessa – einkum og sér í lagi hlutabótaleiðin og greiðsla hluta launa á uppsagnarfresti – voru góð og nauðsynleg og komu án efa í veg fyrir gjaldþrotahrinu strax í vor. Nú er sumarið hins vegar hálfnað og ljóst að ferðaþjónustan mun ekki ná sér á það strik sem vonast hafði verið eftir. Óvissan um framvinduna er enn alger. Fram undan er kaldur og þungur vetur, sem að öllum líkindum verður bæði ferðaþjónustunni og hagkerfinu öllu erfiður. Vetur, sem mun færa okkur sem þjóð fleiri nýjar áskoranir og ný verkefni, og án efa krefjast fleiri óhefðbundinna lausna og ferða eftir ótröðnum slóðum, allt þar til birta fer á ný.

Frjáls framlög



enginn kostnaður!

VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur
óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

907 1081 – 1.000 kr.

907 1083 – 3.000 kr.

907 1085 – 5.000 kr.

907 1090 – 10.000 kr.



Þú finnur okkur á Facebook — ekki hika við að fylgja okkur þar, við
gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

www.facebook.com/samferdafoundation

SKOÐUN

Þórður Gunnarsson



Misheppnuð skattlagning

Frumiðnaður í hinum vestræna heimi stendur nú frammi fyrir miklum áskorunum. Álframleiðsla er þar nærtækt dæmi. Á síðustu 20 árum hefur Kína haslað sér völl sem stærsti álframleiðandi heims, með tæplega 57 prósent af framleiddu magni, samanborið við 11 prósent fyrir 20 árum síðan.

Þetta hefur Kína tekist í krafti annars vegar mikilla kolabirgða innan sinna landa-mæra og hins vegar baxít-birgða. Baxít er aðalhraefni álframleiðslu, og kolin eru svo notuð til að knýja álverin.

Á sama tíma keppast ríkisstjórnir hins vestræna heims við að leggja umhverfisskatta á iðnað sem losar úr læðingi lofttegundir sem stuðla að hlýnun loftslagsins. Markmið umhverfisskatta er göfugt og réttlátt, því neitar enginn.

Afleiðingin er hins vegar sú að ýmiss konar iðnaður, til að mynda álframleiðsla, færir til landa þar sem lítt er skeytt um losun óæskilegra lofttegunda. Eftirspurn áls hefur aukist mikið á síðustu árum, en nánast allri þeirri eftirspurnaraukningu hefur verið sinnt með uppbyggingu í Kína. Meðalkolefnisfótspor hvers framleidds tonns af áli í heiminum hefur því aukist stöðugt á síðustu 20 árum.

Sama hvort um er að ræða ál eða aðra frumframleiðslu, Kína eða önnur þróunarlönd, þá er það þyngra en tárur taki að við hér á vestur-hveli jarðar séum að íþyngja atvinnulífi með umhverfissköttum, þegar afleiðingin er einfaldlega sú að ýmis iðnaður færir til annarra staða þar sem umræðan um umhverfismál er á allt öðrum og verri stað.

Það er þá varla hægt að segja að markmiðum umhverfisskattanna sé náð. Vel kann að vera að mengun í Evrópu hafi dregist saman í krafti umhverfisskatta, losunarheimilda, upprunaábyrgða og kolefniskvóta. En eftirspurn hrávara hefur þá tilhneigingu að aukast til lengri tíma lítið og mengun vegna framleiðslu er hreinlega að aukast, vegna þess að ýmiss konar frum-iðnaði hefur verið úthýst frá Evrópu.

Hér ekki verið að andmæla umhverfissköttum – þeir geta í einhverjum tilfellum verið skynsamlegir. Hins vegar er ekki hægt að horfa fram hjá því að slík skattlagning getur í ákveðnum tilfellum haft þveröfug áhrif í hinu stóra samhengi, eins og þróun á álmarkaði sýnir.

UMHVEREIÐ

ÁSTRÍÐA

HREINT

Guðjón Ó

VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN

Sími 511 1234 • www.gudjono.is

BYGG hagnast um 1.500 milljónir

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars (BYGG) hagnaðist um 1.505 milljónir króna í fyrra og minnkaði hagnaðurinn um liðlega 50 milljónir á milli ára.

Rekstrartekjur námu 13,53 milljörðum króna og jukust um 4,7 milljarða króna frá árinu 2018, að því er fram kemur í nýbirtum ársreikningi. Tekjur vegna eignaleigu stóðu nánast í stað og voru um 770 milljónir, á meðan tekjur af verkframkvæmdum jukust verulega og námu tæplega 12,8 milljörðum króna.

Gunnar Þorláksson húsasmiðameistari og Gylfi



Gylfi Héðinsson og Gunnar Þorláksson

Ómar Héðinsson múrarameistari, eiga hvor um sig helmingshlut í félaginu.

Eignir BYGG námu um 17,7 milljörðum í árslok 2019 og þar af voru fasteignir um 4,4 milljarðar. Eigið fé félagsins er um 7,2 milljarðar og er eiginfjárhlutfallið því rúmlega 40 prósent. Á árinu 2019 greiddi félagið 103 milljónir í arð til hluthafa.

Í skýrslu stjórnar segir að áhrifin vegna kórónaveirufaraldursins verði óveruleg á árinu 2020. Stjórnin telji að „rekstrarhæfi félagsins sé alls ekki í hættu vegna þessara þrenginga í samfélaginu.“ – hae

14.07.2020

Útilokað er að ná sátt um að peningar skattgreiðenda verði nýttir í taprekstur í harðri samkeppni á alþjóðlegum flugmarkaði, til þess eins að viðhalda góðum kjörum flugáhafna.

Ásdis Kristjánsdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri SA



ÚT SALA

Sjáðu öll tilboðin á [kunigund.is](#)

allt að

70% AFSLÁTTUR

GEORG JENSEN

GEORG JENSEN DAMASK

ROYAL COPENHAGEN

ROSENDAHL COPENHAGEN

FREDERIK BAGGER

Villeroy & Boch

WMF

LE CREUSET

KÚNÍGÚND

sérverslun með vandaðar gjafavörur

Kringlan · Glerártorg · [kunigund.is](#)



Nailner skapar ólífvænlegt umhverfi fyrir sveppi og inniheldur rakagefandi efni sem koma í veg fyrir skemmdir í nöglum. Vöurnar eru auðveldar í notkun og bæta útlit naglanna hratt.

Nailner meðhöndlar, fegrar og styrkir

Nailner býður upp á áhrifaríkar meðferðir við naglasvepp, sem þarf alltaf meðhöndlun. Meðferðirnar ráðast að vandanum úr mörgum áttum og bæta útlit nagla hratt.

Naglasveppur er algengt vandamál sem er auðvelt að taka ekki eftir framan af, en þarfnast meðhöndlunar svo einkennin versni ekki og valdi frekari vandræðum. Nailner vörulínan samanstendur af þremur lækningatækjum sem veita áhrifaríka meðferð við naglasvepp, eru auðveld í notkun og og bæta útlit naglanna hraðar en önnur meðferð.

Helstu orsakir og áhættuþættir naglasvepps

„Sýking í nögl orsakast aðallega af þremur tegundum sveppa. Þeir eru dermatophytosis, yeast og onychomycosis, en oft er líka talað um athlete's foot. Naglasveppur er algengt vandamál meðal fullorðinna og hefur áhrif á bæði karla og konur, en tíðni eykst með aldri þegar neglurnar veikjast og verða viðkvæmari fyrir sýkingu,“ segir Esther Ýr Kjartansdóttir, sölu- og markaðsfulltrúi Alvogen. „Naglasveppur er algengasta vandamálið sem hefur áhrif á neglur og þó það sé algengast í tánögglum, geta neglur á fingrum líka auðveldlega smitast. Þess vegna er mikilvægt að meðhöndla naglasvepp um leið og einkenni koma upp og sýkingin hefur verið greind.

Sveppirnir þrífast best í hita og raka og aðstæður sem geta aukið líkur á sveppasýkingu eru meðal annars lokaðir skór og mikill raki í húð. Ef það eru lítil sár á milli tánna og við neglur eða sprungur á nöglum komast sveppir líka auðveldar inn,“ segir Esther. „Notkun naglalakks í langan tíma og sykursýki eru einnig áhættuþættir.

Í mörgum tilvikum byrja naglasveppir sem sýking í aðliggjandi húð sem síðan berst í neglurnar, en naglasveppur getur einnig smitast frá einni nögl yfir á aðra og við



Nailner vörulínan samanstendur af þremur lækningatækjum sem veita áhrifaríka meðferð við naglasvepp, en það er algengt vandamál.

beina snertingu við sýkt svæði, eða við notkun skófatnaðar eða sokka sem eru með sveppum í,“ segir Esther. „Það er líka mikil smit-hætta í heitu og röku umhverfi, eins og á gólfi í sturtuklefum, búningsherbergjum og í umhverfi sundlauga, en rannsóknir sýna að naglasveppur er allt að þrisvar sinnum algengari hjá þeim sem stunda sund reglulega.

Naglasveppur þróast hægt og því eru einkennin oft mjög væg og valda engum óþægindum til að byrja með. Því er auðvelt að taka ekki eftir einkennum, en þau geta líka verið mismunandi eftir því hvaða sveppur veldur sýkingunni,“ útskýrir Esther.

Helstu einkenni naglasvepps eru:

- Litabreytingar í nögl
- Hvítir blettir eða línur í nögl
- Nöglin verður gul og mislit
- Þykkun á naglplötu
- Nöglin verður þurr, sprungin og viðkvæm
- Naglflos



Esther Ýr Kjartansdóttir, sölu- og markaðsfulltrúi Alvogen

Meðhöndlun er mikilvæg

„Án meðferðar heldur naglasveppur áfram að vaxa og valda meiri óþægindum. Því er mikilvægt að meðhöndla sýktar neglur sem fyrst. Það geta líka komið upp fylgikvillar ef sveppasýkingin er ekki meðhöndluð og hún getur orðið sársaukafull og valdið varanlegum skaða á nöglunum. Neglurnar geta fengið óeðlilega lögun og síðar orðið inngrónar, sem getur valdið sýkingu,“ segir Esther. „Sjaldan dugur minna en þriggja mánaða meðferð við naglasvepp.

Hefðbundið naglalakk getur ýtt undir vöxt naglasveppa ef sveppasýking er til staðar því það inniheldur oft hátt sýrustig og



Þessar myndir sýna hvernig naglasveppur getur þróast, en hann er

lokar allan raka inni,“ segir Esther. „Markmið Nailner meðferðar við naglasvepp er að lækka sýrustig í nöglinni, þannig að sveppurinn þrífist ekki.“

„Án meðferðar heldur naglasveppur áfram að vaxa og valda meiri óþægindum. Því er mikilvægt að meðhöndla sýktar neglur sem fyrst.

Nailner® ræðst beint að rót vandamálsins

„Nailner vörulínan samanstendur af þremur lækningatækjum sem sýnt hefur verið fram á, með klínískum rannsóknum, að séu áhrifarík í meðferð við naglasvepp. Þau eru Nailner 2in1, sem er fánlegt bæði í formi lakks og penna, og Nailner Treat&Color,“ útskýrir Esther. „Nailner hefur tvöfalda verkun, annars vegar inniheldur það etýl-laktat sem settar nöglina með áhrifaríku flutningskerfi sem flytur innihaldsefni Nailner að rót vandans, sveppnum, og hins vegar mjólkursýru, sem lækkar pH-gildi naglarinnar og skapar þar með ólífvænlegt umhverfi fyrir sveppi. Nailner inniheldur líka rakagefandi efni sem koma í veg fyrir skemmdir í nöglum.

Nailner 2in1 meðhöndlar naglasvepp og gefur sýnilegan árangur á aðeins sjö dögum og bætir því útlit naglanna hraðar en aðrar meðferðir,“ segir Esther. „Það inniheldur resacetophenone sem jafnar lit naglarinnar og veitir henni bjartara, fállegra og heilbrigðara útlit. Nailner styrkir einnig nöglina, sem minnkar líkur á endursmiti.

Nailner Treat&Color inniheldur bæði lakk til að meðhöndla naglasvepp á áhrifaríkan hátt og rakagefandi naglalakk sem andar, hylur mislitaðar neglur og gefur sýktu nöglinni fállegra útlit,“ segir Esther. „Nailner naglalakkið hefur ekki áhrif á meðferðina og það má nota með sveppameðferð.

Vöurnar eru auðveldar í notkun, en meðhöndla skal sýkta nögl tvisvar á dag fyrstu fjórar vikurnar og eftir það einu sinni á dag, þar til sýktar neglur hafa vaxið fram og eru heilbrigðar.“

Nailner vörulínan er fánleg í öllum helstu apótekum landsins. Nánari upplýsingar má finna á www.alvogen.is.

Ekki aukin hættu á smiti

Ný norsk rannsókn um smithættu í líkamsræktarstöðvum hefur vakið mikla athygli. Vísindamenn rannsökuðu hvort líkamsrækt leiddi til aukinnar hættu á smiti á COVID-19.

Elin
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Líkamsræktarstöðvar um allan heim lokuðu dyrum sínum þegar heimsfaraldurinn breiddist út. Það gat haft neikvæðar afleiðingar fyrir heilsu fólks og líðan sem er vant að hreyfa sig. Hópur vísindamanna frá Háskólanum í Ósló og UiT háskólanum, The Arctic University of Norway, vildu kanna hvort það væri raunin að mikil hættu væri á smiti í líkamsræktarstöðvum. Alls tóku 1850 manns þátt í rannsókninni en allir höfðu áður stundað líkamsrækt í fimm stöðvum í Ósló.

Hópnum var skipt í tvennt. Annar hópurinn fékk leyfi til að stunda þjálfun í líkamsræktarstöðinni á meðan hinn varð að halda sig heima. Rannsóknin fór fram á tveggja vikna tímabili frá 22. maí síðastliðnum. Þeir sem fengu að æfa í stöðinni þurftu að fylgja nákvæmum reglum um sóttvarnir, fjarlægð og handhreinsun. Auk þess voru tæki sótthreinsuð milli notkunar. Niðurstaðan kom á óvart því engin aukin hættu reyndist vera fyrir þá sem stunduðu ræktina í líkamræktarsal. Enginn smitaðist.



Fylgja sóttvarnarreglum

„Svo lengi sem fólk fylgir ráðleggingum sóttvarnalæknis varðandi hreinlæti og fjarlægð, er engin aukin hættu á að vírusinn breiðist út í líkamsræktarstöðvum,“ segir Ørjan Olsvik, einn vísindamanna sem stendur að rannsókninni,

en hann er prófessor í læknisfræðilegri örverufræði við UiT. Aðeins einn úr hópnum smitaðist af veirunni á þessum tíma, en sá hafði ekki æft í líkamsræktarstöð. Smit hans var rakið til vinnustaðar hans.

Rannsóknin hefur vakið athygli og hefur verið birt í New York

Times og í amerískum sjónvarpsstöðvum, að því er norskri vefurinn forskning.no greinir frá. Vísindamenn vilja þó ekki meina að þessi niðurstaða gildi um allar líkamsræktarstöðvar. Prófessor Michael Bretthauer hjá háskólanum í Ósló, bendir á að það geti verið misjafnt

Margir voru ánægðir þegar líkamsræktarstöðvar opnuðu á nýjan leik. Best er þó að fylgja öllum sóttvarnarreglum. Þessi mynd var tekin í Madrid þegar stöðvarnar opnuðu þar aftur. MYND/GETTY

Rannsóknin í Noregi var gerð undir mjög náinni og öruggri eftirfylgni með þátttakendum.

hversu mikið veiran hafi breitt úr sér í öðrum löndum. „Þá er alltaf hættu á að fólk fari ekki nægilega vel eftir sóttvarnareglum og ráðleggingum um smitvarnir. Rannsóknin í Noregi var gerð undir mjög náinni og öruggri eftirfylgni með þátttakendum. Allir voru heilbrigðir í upphafi rannsóknar og allir voru yngri en 64 ára. Þeir sem eru í áhættuhópum voru ekki þátttakendur í þessari rannsókn. Reglulega voru tekin sýni af þátttakendum.

Sá hópur sem æfði í líkamsræktarstöðinni mætti oft í viku en sturtur og gufuböð voru lokuð. Í hópþjálfun var tveggja metra bil á milli manna. Vísindamennirnir vilja skoða betur hvort fjarlægðarmörkin séu nauðsynleg og verður því rannsókninni haldið áfram til að kanna það.

Næturbrot?

Glímir þú við tíð þvaglát?

Er loft í maga og meltingartruflanir daglegir kvillar?

Hvönn er:

- Bakteríudrepandi,
- bólgueyðandi
- og styrkjandi



ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

Fæst í öllum helstu matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum.

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi
er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Toyota Avenis Live. 8/2017 Ekinn aðeins 36 þús. Km. Einn eigandi. Ekki bílaleigubíll. Auka vetrardekk á felgum. Þjónustubók. Tilboðsverð: 2.490.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Garðyrkja

Sláttur og öll almenn garðvinna. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaveiðhald

HÚSA - VIÐGERÐIR

NÝSMÍÐI-VIÐGERÐIR-VIÐHALD AÐ UTAN SEM INNAN

- * STEYPU/MÚRVIÐGERÐIR
- * KLÆÐNINGAR: ÞÖK / VEGGI
- * GLUGGAR/GLER
- * INNRETTINGAR OG FL.

ÓRUGG OG FAGLEG ÞJÓNUSTA 30 ÁRA REYNSLA

TILBOÐ - TÍMAVINNA

UPPL. S : 8583300
serfagehf@gmail.com

VIÐHALD FASTEIGNA

Tökum að okkar viðhald fasteigna ásamt nýsmíði. Einnig pipulagnir, flísalagnir, múrviðgerðir, málningarvinna og gluggaviðgerðir. Uppl. í s. 780 3344 eða netfangið mavar@mavar.is



Rúnar múrari

Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna. s. 780 2838.

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannabjónusta
- proventus.is Sími 551-5000
Netfang proventus@proventus.is



LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftæstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, mýrun, flísa- & parketlagning og trésmíði. S. 616 1569

Almenn húsmiði - Flísalagnir
Tökum að okkur nýsmíði og viðhald fasteigna. Einnig flötun og flísalagnir. Vanir menn vönduð vinnu. Upplýsingar í síma 649 0293.

Spádómar



Tarot-lesur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Superdual X 650

Ítölsk ferðahjól hlaðin aukabúnaði, ABS bremsur, vindhlíf, handahlifur, 12 v. tengi, led kastarar, miðju- og hliðarstandara, stillanlegri fjóðrun.

Kynningarverð
1.590.000,-



Nitro - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is



gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar



Stiga Estate Pro 9122 XWSY
Sjálfskiptur lúxus slátturaktor, 4WD
B&S 8240 Intek mótör, 13,1kW
Sérstyrkt sláttuborð,
360 ltr. graskassi
Frábær traktor í erfiðan slátt

Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864
www.vetrarsol.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

Til leigu í Hafnarf. 3-4 herb. íbúð í lyftublokk. Með bílastæði í bílastæðahúsi. Mikið útsýni. Yfirbyggðar svalir. Ekkert dýrahald leyft. Uppl. í s. 893 9777

Geymsluhúsnæði


GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500



Til sölu

Kæli- og frystiklefar



Tilbúnað stærðir eða smíðaðir eftir máli



Allt hjá okkur



VERSLUNARTÆKNI



geiri



Drághálsi 4
110 Reykjavík
sími: 535 1300
verslun@verslun.is

Tilkynningar



Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

